



SKOÐUN Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Samgöngustofa kynna á næstu dögum Umferðarsáttmála vegfarenda. **13**



MENNING Stjórnin kemur saman á ný og heldur upp á 25 ára starfsafmælið með tónleikum í október. **26**



SPORT Skipst hafa á skin og skúrir hjá Bretum í fyrstu leikjunum með spænska stórliðinu Real Madrid. **23**



Nú er opið allan sólarhringinn í Engihjalla

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. september 2013
217. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Ökufantur ákærður

Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn, annan 67 ára og hinn á þrítugsaldri, fyrir kappakstur sem endaði með ósköpum. **4**

Vilja fá listaverkagjöf Ný til-laga Sigurðar Guðmundssonar að útlitaverki sem CCP vill gefa Reykjavíkurborg hlýtur betri viðtökur en fyrri hugmynd Sigurðar. **2**

Reynt að losa strandað skip Skemmtiferðaskipið Costa Concordia verður dregið af strandstað við Ítalíu í dag, gangi áætlanir eftir. **6**

Starfsfólki beitt í átökum Formaður bæjarráðs Kópavogs segir bæjarstarfsmenn hafa verið dregna inn í „pólitískar skyldingar“. **8**

Flúði til Íslands með dætur sínar þrjár

Danskur faðir hefur kært íslenska barnsmóður sína fyrir að ræna dætrum þeirra. Hún er með umgengnisrétt, hann fullt forræði. Yfirvöldum er kunnugt um málið.

LÖGREGLUMÁL Danskur þriggja barna faðir hefur kært íslenska barnsmóður sína til lögreglunnar í Danmörku, en hann hefur grun um að konan hafi numið dætur þeirra þrjár á brott og farið með þær til Íslands í leyfisleysi.

Hann hefur ekkert heyrt frá börnunum í margar vikur. Faðirinn hefur fullt forræði yfir börnunum en móðirin aðeins umgengnisrétt. Það fyrirkomulag er niðurstaða áralangra forræðisdeilna fyrir dómstólum sem hafa verið afar harðvítugar, ekki síst vegna ásakana konunnar um að

maðurinn hafi beitt sig og börnin ofbeldi. Maðurinn neitar þeim ásökunum.

Samkvæmt heimildum blaðsins var móðirin með stúlkurnar hjá sér í Danmörku síðla sumars og átti samkvæmt samkomulagi að skila þeim aftur þann 4. ágúst. Það gerði hún hins vegar ekki og hefur faðirinn ekkert heyrt frá þeim síðan. Heimildir blaðsins herma jafnframt að konan hafi komið til Íslands í byrjun síðustu viku og að dæturnar þrjár séu með henni.

Yfirvöldum hér á landi er kunnugt um þá stöðu sem upp er komin

í málinu. Ekkert verður hins vegar aðhafst í málinu að svo stöddu því formlegt erindi hefur ekki borist frá dönskum stjórnvöldum.

Fréttablaðið reyndi að ná tali af konunni og nokkrum aðstandendum hennar í gær. Ekki náðist í hana og bróðir hennar vildi ekki ræða við blaðamann. Þá svaraði lögmaður hennar, Hreinn Loftsson, hvorki símtölum né skilaboðum. Lára V. Júlíusdóttir hæstaréttarlögmaður, sem farið hefur með mál föðursins, staðfesti við Fréttablaðið í gærkvöldi að málið hefði verið kært til lögreglu í Danmörku. -aó



FREYSNES Rúður brotnuðu í fjölda bíla í Örefum. MYND/EYRÚN HALLA JÓNSDÓTTIR

Ofsaveður geisaði í Örefum:

Rúður brotnar í tugum bíla

„Veðrið var verst um klukkan 15 en svo lægði aðeins,“ segir Eyrún Halla Jónsdóttir, starfsmaður í Söluskálanum í Freysnesi. Fjölmarginir bílar stóðu fastir á Skeiðarársandi sökum veðurofsa á staðnum. „Það óku um 20 bílar fram hjá okkur með brotnar rúður og skemmt lakk,“ bætir Eyrún Halla við. Fjöldi fólks þurfti að yfirgefa bíla sína á Skeiðarársandi en grunnskólinn í Hofgarði var opnaður til að hýsa það fólk sem var í vanda statt. -glp / sjá síðu 2



Bolungarvík	3°	NNA13
Akureyri	4°	NNV14
Egilsstaðir	5°	NNV12
Kirkjubæjarkl.	7°	NV 15
Reykjavík	5°	NNV13

Dregur heldur úr vindi Þegar líður á daginn, fyrst vestan til. Talsverð úrkoma norðan- og austanlands en nokkuð bjart sunnan og vestan til. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Viðhald | Fólk



LANGBESTAR Stjarnan í Garðabæ endurheimti í gær Íslandsmeistaratiðilinn sem liðið missti í hendur Þórs/KA í fyrra. Stjórnustelpur náðu einstökum árangri en liðið vann sigur í öllum átján leikjum sínum í deildinni og fékk aðeins á sig sex mörk. -kt / sjá síðu 20.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Jónína Leósdóttir rithöfundur sendir frá sér nýja bók í næsta mánuði:

Fjallar um líf sitt og Jóhönnu

MENNING Jónína Leósdóttir rithöfundur gefur í næsta mánuði út bók um samband sitt og Jóhönnu Sigurðardóttur, fyrrverandi forsætisráðherra. Bókin ber titilinn Við Jóhanna.

Samband Jónínu og Jóhönnu hefur vakið mikla athygli um heim allan enda Jóhanna fyrsti forsætisráð-

herrann sem er opinberlega samkynhneigður. Þær hafa ekki viljað tjá sig opinberlega um sambandið fyrir en nú.

„Við höfum alla tíð lagt kapp á að halda einkalífinu út af fyrir okkur en nú finnst okkur kominn tími til að

opinbera þessa óvenjulegu sögu sem spannar tæpa þrjá áratugi,“ segir Jónína í tilkynningu frá Máli og menningu sem gefur bókina út.

Að sögn útgefanda er um átaka- og ástarsögu að ræða sem varpar nýju ljósi á samband þeirra. Jóhanna ritar sjálf eftirmála bókarinnar. -kh



Íbúfen®
400 mg, 30 stk og 400 mg, 50 stk

Actavis

Kassakerfi & sjóðsvélar á betra verði

STOFNAÐ 1953

OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optima er aðili að rammaþingi Ríkiskaupa

Ómissandi

SPURNING DAGSINS



Gunnar Bergmann, þekkir þú Hrefnu?

„Já ég þekki bæði stórar og smáar. Ég vil hafa helst þær meðium rare.“ Gunnar Bergmann Jónsson, talsmaður hrefnuveiðimanna, sagði um helgina að talsvert færri hrefnur hefðu veiðst á vertíðinni nú en í fyrra.

John Kerry utanríkisráðherra Bandaríkjanna fundaði í Ísrael eftir fund sinn með Sergei Lavrov: Þýskaland vill hjálpa við eyðingu efnavopna

SÝRLAND, AP Þjóðverjar hafa boðið fram aðstoð við eyðingu efnavopna í Sýrlandi eftir að Bandaríkjamenn og Rússar náðu samkomulagi um að leggja hald á slík vopn Sýrlandsstjórnar og eyða þeim. Í tilkynningu sem Guido Westerwelle, utanríkisráðherra Þýskalands, sendi frá sér í gær segir að þýsk stjórnvöld séu tilbún „að veita hvort heldur sem er tæknilega eða fjárhagslega aðstoð við eyðingu efnavopna í Sýrlandi“. Westerwelle tjáði sig ekki nánar um málið en

Þýskaland hefur áður tekið þátt í slíkum verkefnum, svo sem í Líbíu og víðar. Samkomulag sem John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, og Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússa, náðu á laugardag kveður á um skráningu og upptöku allra efna-



GUIDO WESTERWELLE

vopna sem Sýrlandsstjórn kann að búa yfir og um refsiaðgerðir brjóti ríkisstjórn Bashars Assad gegn skilmálunum. Eftir fundinn með Lavrov á laugardag hélt Kerry til Jerúsalem þar sem hann ræddi samkomulagið við Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels. Kínverjar fögnuðu í gær samkomulagi Bandaríkjamanna og Rússa. Kínversk stjórnvöld segja fram komna friðsamlega lausn sem dragi úr spennu í Sýrlandi. - ók



SÁTTIR Kerry og Lavrov takast í hendur eftir fund á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Í FLÓRENS Gestur á Uffizzi-safninu í Flórens á Ítalíu skoðar verk eftir Sandro Botticelli sem lána á til Ísraels á sýningu þar. NORDICPHOTOS/AFP

Hætt við að hætta við sendingu eins málverka Botticellis: Meistaraverk fæst lánað til Ísraels

ÍSRAEL, AP Ítalir hafa fallist á að lána til Ísraels eitt meistaraverka Botticellis frá 15. öld, að því er aðstoðarmaður menningarmálaráðherra Ísraels greindi frá í gær. Láninu hafði verið frestað vegna áhyggna Ítala af ástandinu í Sýrlandi. Verkið er af því þegar erkiengillinn Gabríel birtist Maríu mey og tilkynnti henni um þungun hennar. Það nefnist Tilkynningin frá San Martino alla Scala og er kennt við San Martino-sjúkrahúsið þar sem það fannst. Menningarmálaráðherrann er sagður hafa þurft að leggja nokkuð á sig til að fullvissa Ítali um að öryggi verksins yrði tryggt. Það verður til sýnis í fjóra mánuði, frá og með morgundeginum, í listasafni Ísraels í Jerúsalem. - ók

Skiluðu sér ekki í leiguflug:

Leita Albana eftir landsleik

FLÓTTAFÓLK Þrettán Albanar sem komu hingað til lands í tengslum við landsleik Íslands og Albaníu á þriðjudaginn síðastliðinn skiluðu sér ekki í leiguflug heim eftir leikinn. Frá þessu var greint í kvöldfréttum RÚV í gær. Tveir þessara þrettán Albana höfðu sótt um hæli á Íslandi fyrir landsleikinn og tveir gerðu slíkt hið sama eftir leikinn. Ekki er vitað hvar þeir eru niðurkomnir en líklegt þykir að þeir séu staddir hér á landi. Ekkert er vitað um afdrif hinna nfu. - ósk

Sprengt í sjö borgum:

48 létu lífið í árásum í Írak

ÍRAK, AP Að minnsta kosti 48 féllu í árásum uppreisnaráhrópa í Írak í gær. Mestanspart var um að ræða bílsprengjur sem beint var gegn meirihluta sjáa-múslíma í sjö borgum í Mið- og Suður-Írak. Árásirnar eru áframhald blóðugra átaka sem geisad hafa í landinu mánuðum saman. Enginn hefur lýst yfir ábyrgð á tilræðunum. Sprengt var í verslunarhverfum og á bílastæðum. Aðferðirnar þykja þó bera keim af fyrri sprengjuherferðum undirdeildar al-Kaída að nafni Íslamsríkið Írak. - ók

Vilja fá listaverkagjöf tölvuleikjarisans CCP

Ný tillaga Sigurðar Guðmundssonar að útilistaverki sem tölvuleikjaframleiðandinn CCP vill gefa Reykjavíkurborg hlýtur mun betri viðtökur Listasafns Reykjavíkur en fyrri hugmynd Sigurðar. Verkinu er ætlað að standa við Vesturbugt.

MENNING Útlit er nú fyrir að Reykjavíkurborg muni þiggja útilistaverkagjöf tölvuleikjaframleiðandans CCP. Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu hafnaði borgin fyrstu hugmynd listamannsins Sigurðar Guðmundssonar að listaverki í boði CCP í tilefni tíu ára afmælis fyrirtækisins, sem framleiðir hinn gríðarlega vinsæla tölvuleik Eve-Online.

Nú hefur Sigurður lagt fram alveg nýja hugmynd; Heimar í heimi. Er þar um að ræða verk í granít, stál, steypu og ál sem hæst mun ná fimm metra hæð. Nöfn um fimm hundruð þúsund áskrifenda að Eve-Online verða letruð á verkið. „Nöfnin eru ólæsileg og sjást aðeins með stækkunargleri enda prentuð í gráum lit á gráa álplötuna. Þessi ósýnilega „virtual“ þjóð, 500 þúsund manns sem lifa í EVE-heiminum, er velkomin hluti af verkinu fyrir mig þó að sjónrænt virki textinn eins og mynstur eða „grid“,“ útlistar Sigurður í skýringum á verkinu.

Fyrri hugmynd Sigurðar þótti Hafþóri Yngvasyni, safnstjóra Listasafns Reykjavíkur, hafa of sterka tilvísun í CCP. Áletruðu nöfnin mundu takmarka merkingu verksins og koma í veg fyrir að það stæði óháð hagsmunum einka-fyrirtækis. Hafþór fagnar hins vegar nýja verkinu, sem hann segir ákjósanlega viðbót við myndlistarverk í borgarlandinu.

„Öll form myndarinnar eru einföld og skýr og einkennast af festu og stöðugleika, sem er mikilvægt í almenningssými þar sem ótengdir hlutir keppa um athyglina,“ segir í umsögn safnstjórans, sem hvetur



HEIMAR Í HEIMI Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur hvetur borgina til að þiggja þetta verk Sigurðar Guðmundssonar að gjöf frá CCP. MYND/SIGURÐUR GUÐMUNDSSON

borgaryfirvöld til að taka jákvætt í tillöguna og skoða hvort finna megi verkinu varanlegan stað við Vesturbugt í Reykjavíkurborg. Þar á svæðinu er CCP með höfuðstöðvar sínar. „Verkið sé ég að engu leyti sem auglýsingu fyrir CCP enda var það engin ósk af þeirra hálfu. Það sem ég var beðinn um að gera var listaverk í tilefni tíu ára afmælis CCP,“ undirstrikar Sigurður í bréfi sínu.

Menningar- og ferðamál borgarinnar lýsti ánægju með verkið og nú hefur umhverfis- og skipulagsráð vísað því til umsagnar hjá skipulagsfulltrúa borgarinnar.

Að sögn Sigurðar er uppsetning verksins einföld og auðvelt að færa það til. „Sjálfur mun ég fylgjast með uppsetningunni og einnig

Mörgum sinnum á ferli mínum sem listamaður hef ég haft áhuga á veruleika sem er mér framandi og óþekktur og oft ósýnilegur. Sigurður Guðmundsson myndlistarmaður

kínverskur tæknimaður sem ráðleggur hvernig best sé að framkvæma uppsetninguna,“ segir Sigurður, sem sjálfur kveðst munu borga kostnaðinn við kínverska tækniráðgjafann. gar@frettabladid.isww

Leggðu nú við hlustir!

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Mikið var að gera hjá björgunarsveitum landsins í gær þegar óveðrið skall á: Mikið álag á smærri sveitum

VEÐUR Ákaflega slæmt veður var á landinu öllu í gær og þurftu björgunarsveitir landsins að sinna fjölda útkalla.

Björgunarsveitin Stefán í Mývatnssveit þurfti að aðstoða fjölda bifreiða sem fastar sátu í Námu-skarði. Einnig voru ferðamenn fastir í bílum sínum á Sprengisandi en Björgunarsveitin Þingey kom þeim til aðstoðar.

Þá þurfti Björgunarsveitin Hérað á Egilsstöðum að aðstoða bíla í Vatnsskarði eystra og á Fjarðarheiði. Í Vestmannaeyjum og í Hafnarfirði fuku þakplötur af íbúðarhúsum og voru björgunarsveitir sendar á vettvang til aðstoðar.

„Það hefur verið mjög mikið að gera hjá smærri björgunarsveitunum úti á landi, sem sjá um fjallvegi og heiðar. Þetta eru auðvitað allt sjálfboda-liðar og álagið hefur verið mikið á þeim,“ segir Ólöf Snæhólm Baldursdóttir, fjölmiðlafulltrúi Landsbjargar. Á landsvísu eru um 4.000 manns á útkalls-skrá hjá björgunarsveitunum.

Vegir landsins voru margir hverjir þaktir snjó eða krapi og slæm veðurskilyrði öllu vandræðum víða. Á Vestfjörðum var snjóþekja og skafrenningur



DREKI TIL BJARGAR Dreki Björgunarsveitarinnar Kára í Öræfum flutti fólk í veður- ofsanum. MYND/EYRÚN HALLA JÓNS-DÓTTIR

á fjallvegum og voru hálkublettir á Steingrímsfjarðarheiði og Þróskuldum. Á Norðausturlandi var víða hálka og eljagangur. Krapasnjórn var í Fagradal, Vatnsskarði eystra og á Öxi. Ófært var í Hamarsfirði, á Hellisheiði eystri og á Suðausturlandi var ófært milli Kirkjubæjarklausturs og Freysness vegna óveðurs. -glp

Þú stingur bara í samband. Ekkert vesen!

Vertu með heimanetið hjá Nova



4G

3x
meiri hraði
en ADSL!

Heimanet - 4G box

1.690 kr.

á mán. í 12 mánuði
með þjónustusamningi í áskrift.

19.990 kr. staðgreitt
með þjónustusamningi í áskrift.



25%
afsláttur af
Apple TV fylgir
4G boxinu!

Ráfaðu inn á einstein.is og lærðu allt um Apple TV og Netflix.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

SVONA ERUM VIÐ



187,8 milljarðar króna voru heildartekjur hins opinbera á öðrum ársfjórðungi ársins 2013.

Það er 6,7 milljörðum krónum meira en heildartekjurnar voru á sama ársfjórðungi árið 2012.

Heimild: Hagstofa Íslands

Túlkaþjónusta leggst af fram að áramótum vegna mikils fjárskorts:

Heyrnarlausir missa mikilvæga þjónustu

Mikill órói er á meðal heyrnarlausra eftir að í ljós kom að ekki verður úthlutað frekara fjármagni í túlkaþjónustu á þessu ári. Ástæðan fyrir þessu er sú að kostnaður við túlkaþjónustu hefur farið vaxandi undanfarin ár án þess að framlög frá ríkinu hafi hækkað.

Hækkun gjaldskrár fyrir túlkaþjónustu hefur minnkað umfang þjónustunnar mikið. „Sem dæmi þá gátum við túlkað fyrsta heila árið sem við fengum þetta framlag sem um það bil 2.200 tíma, en við

erum með rúma 1.200 tíma í ár,“ segir Valgerður Stefánsdóttir, forstöðumaður Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra.

Þetta mun hafa óþægindi í för með sér fyrir marga heyrnarlaus einstaklinga. Þjónustan auðveldaði ýmsar félagslegar aðstæður eins og starfsmannafundi, hópstarf vegna íþróttá eða félagsstarfs og starfsmannaviðtöl svo dæmi séu tekin. Aðstæður þar sem heyrnarlausir þurfa að hafa samskipti við fólk sem ekki skilur táknmál.

Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, prestur heyrnarlausra, segir það mannréttindabrot að kippa fótunum undan þessari þjónustu.

„Þarna er verið að mismuna fólki sem notar íslenskt táknmál, sem er lögum samkvæmt þeirra móðurmál,“ segir Brynja.

Félag heyrnarlausra hefur lýst áhyggjum sínum af stöðunni og sent bréf til Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra. Ekki náðist í Illuga vegna málsins í gær. - að



HEIÐDÍS EIRÍKSDÓTTIR, FORMAÐUR FÉLAGS HEYRNARLAUSRA
Félagið sendi ráðherra bréf og lýsti þungum áhyggjum. MYND/ STÖÐ2



Í MEXÍKÓ Maður veður flóðvatn í Verakrúz í Mexíkó. Þar hafa heilu hverfin verið rýmd.

Rýmingar vegna Ingiríðar: Hætta er talin á aurskriðum

MEXÍKÓ, AP Hitabeltisstormurinn Manúel olli flóðum í Verakrúz í Mexíkó í gær. Þar hafa um 5.000 þurft að yfirgefa heimili sín þar sem búist er við að fellibylurinn Ingiríður bresti á í dag.

Komið hefur verið upp neyðarskýlum og mikil hætta er talin á frekari flóðum og aurskriðum á svæðinu. Manúel og Ingiríður hafa víða sett úr skorðum þjóðháttíðardagskrá sem átti að vera í gær og í dag. - óká

Bryn þörf sögð á úrbótum: Leiga annar ekki eftirspurn

VIÐSKIPTI Framboð á leiguhúsnæði annar ekki eftirspurn, samkvæmt nýrri könnun BSRB.

Rúmur fjórðungur félagsmanna BSRB telur líklegt að þeir myndu leigja húsnæði til frambúðar frekar en að kaupa ef búseta þeirra væri tryggð í leiguhúsnæðinu. Elín Björg Jónsdóttir, formaður BSRB, segir að nauðsynlegt sé að efla leigumarkaðinn.



ELÍN BJÖRG JÓNSDÓTTIR

-mmm

DÓMSMÁL Tveir menn eru ákærðir fyrir umferðar- og hegningarlagabrot vegna kappaksturs sem þeir þreyttu á Hafnarfjarðarvegi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjaness á fimmtudaginn. Annar manna var 67 ára gamall þegar kappaksturinn átti sér stað. Sá yngri er á þritugsaldri. Það var í september árið 2011 sem mennirnir þreyttu kappakstur norður Hafnarfjarðarveg að Fíuhvamsvegi við Kópavogslæk í Kópavogi. Mennirnir óku á allt að 174 kílómetra hraða á klukkustund en mögulegur hámarkshraði bifreiðanna var 189 kílómetra hraði samkvæmt ákæruskjali. Hámarkshraði á svæðinu er aftur á móti 80 kílómetrar á klukkustund.

Sá eldri er að auki ákærður fyrir að hafa ekið undir áhrifum sljógandi og deyfandi lyfja, auk þess sem hann var ekki í bílbelti.

Kappaksturinn endaði með því að sá eldri missti stjórn á bifreiðinni, sem var 340 hestafla svartur Dodge Charger-bíll. Bifreiðin rann með hliðarskriði, rakst í kjölfarið á ljósastaur og fór í loftköstum um 120 metra leið. Bifreiðin hafnaði loks utan vegar nærri Kópavogslæk eftir ítrekaðar veltur.

Mikið var fjallað um kappaksturinn í fjölmiðlum þegar málið kom upp. Þá vakti athygli að leigubílstjóri náði ótrúlegu myndbandi af bílveltunni en mikil umferð var á vegarkafnanum þennan dag.

Ökumaðurinn slapp hreint út sagt ótrúlega vel að mati kunnugra enda ekki í bílbelti. Smá-



BÍLSLYS Ótrúlegt má teljast að ekki hafi farið verr en þó má þess geta að einn smáhundur féll í valinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

hundur mannsins, sem var með í bílnum, var þó ekki jafn heppinn. Sá drapst.

Fréttablaðið fjallaði um akstur mannsins en þar kom fram að þetta hefði ekki verið í fyrsta skiptið sem hann hefði keppt í ólöglegum kappakstri.

Spjallverjar samtakanna Live2Cruise voru þá misánægðir með þann rokna. „Þessi gaur reyndi að keyra í hliðina á mér eftir að hann tapaði fyrir mér í spyrnu eitt sinn og svo þegar að við stoppuðum á næstu ljósum þá rétti hann mér bara puttann,“ sagði einn.

Ökumennirnir þekktust ekkert

Fram kom í fjölmiðlum að mennirnir tveir sem eru ákærðir fyrir ofsaksturinn hafi ekki þekkt neitt. Svo virðist sem annar hafi ekið upp að hinum og í kjölfarið hafi þeir báðir aukið hraðann mjög. Sá yngri hafi elt þann eldri á ofsahraða með þeim afleiðingum að sá eldri missti stjórn á bílnum sínum. Eftir að sá eldri valt stakk sá yngri af. Hann gaf sig þó fram við lögreglu sama kvöld.

Í ákæruskjalinu segir orðrétt um atburðinn: „Ákærðu röskuðu [...] umferðaröryggi á alfaraleið og stofnuðu á öfyrrleitinn hátt lífi og heilsu vegfarenda í augljósan háska.“

Málinu var frestað samkvæmt

upplýsingum frá ríkissaksóknara sem sækir málið og því liggur afstaða manna gagnvart ákæruatriðunum ekki fyrir. Þess er að auki krafist að mennirnir verði sviptir ökuréttindum.

valur@frettabladid.is

BRIDS SKÓLINN

Viltu læra að spila brids?

Námskeið fyrir **byrjendur** hefst **23. sept.** Átta **mánudagskvöld** frá 8-11 í **Síðumúla 37.**

Á byrjendanámskeiði Bridsskólans er ekki gert ráð fyrir neinni kunnáttu. Þú getur komið ein eða einn, með öðrum eða í hóp og það er sama hvort þú ert 18 ára eða 90. Eða þar á milli.

♦ Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427.**

♦ Sjá enn fremur á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

VONSKUVEÐUR verður um austanvert landið í dag, stormur og talsverð úrkoma. Vestanlands má reikna með talsverðum vindi fram eftir degi en úrkomalaus. Með suðaustur- og austurströndinni lítur út fyrir storm fram á morgundaginn.

Á morgun
Stormur með SA-ströndinni annars mun hægari og dregur úr vindi.

Miðvikudagur
Hæg eða fremur hæg breytileg átt.

Alicante 28°	Berlín 14°	Friedrichshafen 13°	Las Palmas 26°	New York 21°	París 15°
Abena 28°	Billund 15°	Gautaborg 14°	London 14°	Orlando 31°	San Francisco 20°
Basel 23°	Frankfurt 16°	Kaupmannahöfn 14°	Mallorca 28°	Ósló 13°	Stokkhólmur 16°

Ingibjörg Karlsdóttir
veðurfréttamaður



TOYO TIRES

driven to perform



**ÖRYGGI
ALLAN
HRINGINN**
TOYO TIRES
driven to perform

Lendir þú í biðröð í haust?

Toyo harðskeljadekkin mega fara undir bílinn strax

Eitt er öruggt; veturinn kemur og þegar hann kemur gerist það með hveli. Flestir hafa nóg annað við tímann að gera en að standa í biðröðum. Notkun á Toyo harðskeljadekkjum er ekki bundin við ákveðnar dagsetningar og þau mega því fara undir bílinn strax.

Toyo harðskeljadekkin hafa fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Þau eru einstaklega gripsterk, hljóðlát og umhverfisvæn.

Komdu strax og tryggðu þér Toyo öryggi.

Söluaðilar um land allt

Nánari upplýsingar í síma 590 2045 eða á benni.is



**Bílabúð
Benna**
— Sérfræðingar í bílum —

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvað heitir þjálfari íslenska karla-landslíðsins í fótbolta?
2. Hvaða dóm fengu fjórir Indverjar fyrir helgi fyrir að nauðga og myrða unga konu og berja unnusta hennar?
3. Hvort veiddust fleiri eða færri hrefnur í ár en í fyrra?

SVÖRIN

1. Lars Lagerbäck. 2. Dauidóm. 3. Færri.

90.000 milljarða króna varasjóður Norðmanna farinn að verða óþægilega stór: Olíusjóðnum jafnvel skipt upp

NOREGUR Svo gæti farið að innan tíðar verði gerðar nokkrar breytingar á starfsemi norska olíusjóðsins, sem er stærsti fjárfestingasjóður heims í ríkiseigu. Forsvarsmenn flokkanna sem eru líklegastir til að fara fyrir nýrri ríkisstjórn, Hægri flokksins og Framfaraflokksins, hafa lýst yfir áformum um að skipta sjóðnum upp og auka heimildir hans til fjárfestinga innan lands sem utan.

Sjóðurinn situr nú á eignum að verðmæti rúmlega 90.000 mill-

jarða íslenskra króna og í hverri viku bætast um það bil 120 milljarðar í þúkíð vegna ágóða af olíu- og gasvinnslu. Sjóðurinn á hlut í 7.500 fyrirtækjum um allan heim en hlutabréfaeign hans jafngildir um það bil einu prósentu af öllum hlutabréfum heims og tveimur prósentum af öllum hlutabréfum í Evrópu.

Þrátt fyrir góða stöðu sjóðsins eru margir á því að breytinga sé þörf. Til að mynda eru uppi hugmyndir um að kljúfa frá honum

hluta sem yrði skipt í þrjá aðra sjóði. Þá yrði fjárfestingarmöguleikum sjóðsins fjölgað og jafnvel auknar heimildir ríkisins til að ráðstafa fé úr sjóðnum innanlands.

Málefni olíusjóðsins verða án efa eitt af stærstu pólitísku málafnunum í Noregi á komandi misserum. Ósennilegt er þó að röttækjar breytingar verði gerðar þar sem norsku flokkarnir virðast einhuga um að ná samstöðu um fram- tíðarskipan sjóðsins.

-þj



Í **NORÐURSIÓ** Gas- og olíuvinnsla hefur skilað Norðmönnum fúlgum fjár en olíusjóðurinn er nú svo stór að hugmyndir eru uppi um breytingar á starfsemi hans. NORDICPHOTOS/AFP



Í **AFGANISTAN** Kolanámuverkamaður hleður kolum á asna fyrir utan námu í Samangan-héraði norður af Kabúl í Afganistan í byrjun apríl. NORDICPHOTOS/AFP



Kolanámugöng féllu saman í norðurhluta Afganistan: Yfir tuttugu látnir í námuslysi

AFGANISTAN/AP Að minnsta kosti 24 kolanámuverkamenn létu lífið þegar námugöng hrundu í norðurhluta Afganistan í gær. Þriggja manna er einnig saknað, að sögn staðaryfirvalda.

Fjórtán heimamenn sem aðstoðuðu við björgunarstarf hlutu skaða af rykmekki og reykt og þurftu að aðhlyningu að halda.

Vinnustaðaðryggi er áfátt í Afganistan, líkt og í fleiri þróunar- ríkjum, og slys á borð við þetta eru sögð nokkuð tíð.

-óka



Festing skipsins Akkeriskeðjur festar við skipið bakborðsmegin. Keðjurnar dregnar undir kjöllinn og festar við stólpa sem settir hafa verið niður á ströndinni.

Undirstöður og flothylki Steypusekkir og stálpallar mynda sterka undirstöðu. Flothylkin eru fest við bakborðshlið skipskroksins og fyllt með sjó.

Lyftibúnaður Togvívar festir við efri brún flothylkja og niður í neðansjávarpallana. Vökvaknúrir tjakkar notaðir til að toga hægt í skipið þar til það stendur upprétt.

Flothylki stjórnborðsmegin Skrokkurinn hvílir nú á stöðugri undirstöðu. Flothylki eru nú fest við stjórnborðshlið skipsins til að auka lyftikraftinn.

Skipinu lyft Vatni smám saman dælt úr flothylkjunum. Flothylkin fyllast lofti sem fleytir skipinu svo hægt verður að draga það burt.

Heimildir: Titan Salvage / Micoperi, fréttastofur

© GRAPHIC NEWS

Loks á að reyna að losa Costa Concordia

Skemmtiferðaskipið Costa Concordia verður dregið burt af strandstað við ítölsku eyjuna Giglio í dag, gangi áætlanir eftir. Miklar framkvæmdir hafa staðið yfir undanfarnar vikur til undirbúnings verkinu. Skipið strandaði í ársbyrjun í fyrra.

ÍTALÍA Ítalska skemmtiferðaskipið Costa Concordia hefur legið á strandstað í meira en eitt og hálf ár. Nú er vinnu í þann veginn að ljúka við að gera skipið klárt til brottflutnings.

Í dag er stefnt að því að láta til skarar skríða, lyfta 114 tonna þungu skipinu og draga það burt. Ætlunin er að rífa það í sundur og nota í brotajárn.

Skipið strandaði við strönd

Ítalíu þann 13. janúar árið 2012. Strandið kostaði 32 lífið og réttarhöldum yfir skipstjóranum, Francesco Schettino, er ólokið. Hann er sakaður um vítavert kæruleysi en neitar allri sök í málinu.

Undirbúningur brottflutnings skipsins af strandstað hefur reynst flóknari og erfiðari en búist var við fyrir fram.

Umhverfið á strandstað er viðkvæmt. Þar er fjölbreytt lífríki

þannig að aldrei kom til greina að sprengja og brjóta skipið niður á strandstað. Það hefði valdið alltof miklu tjóni á náttúrunni.

Ekki er fullvíst að verkið heppnist. Skipið liggur á tveimur klettahryggjum og gæti hæglega runnið til þegar reynt verður að hreyfa við því, eða jafnvel brotnað saman undan eigin þunga.

gudsteinn@frettabladid.is

Sykurminnsta morgunkornið

Sykurinnihald er það lægsta sem gerist í morgunkorni.

4,4 g sykur í 100 g

ORKA SEM ENDIST

Weetabix er frábær leið til að byrja daginn. Veldu næringaríkan morgunverð sem heldur þér gangandi fram að hádegi.

HAMLET

HUS BERNHÖRDU ALBA

FURÐULEGT HATTALAG HUNDS UM NÓTT

4 sýningar að eigin vali

Áskriftar-kort mitt

Anita Hinriksdóttir, heimsmestari

568 8000 | borgaraleikhus.is

Ný viðbygging við sjúkrahúsið Vog verður tekin í notkun á næsta ári:

Veikasta fólkið fær nýja álmu

HEILBRIGÐISMÁL „Þetta var mjög góður dagur. Þessi álma verður fyrir allra veikustu sjúklingana sem þurfa mikla aðstoð og aðhlyningu,“ segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, en fyrsta skóflustungu nýrrar álmu við sjúkrahúsið Vog var tekin í gær.

Til stendur að framkvæmdir hefjist innan skamms og á þeim að ljúka í maí á næsta ári. Arnþór segir að allra veikustu sjúklingar sjúkrahússins komi til með að dvelja í sér-

herbergjum nýju álmunnar. „Þetta eru sjúklingar sem eiga erfitt með að dvelja í herbergjum með öðrum og þeir þurfa virkilega á þessu að halda.“

Auk þessa verður aðstoða vaktar- og lyfjávörslu endurnýjuð til að uppfylla nútímakröfur um öryggi starfsfólks og sjúklinga. Sjúkrahúsið Vogur verður 30 ára í desember og hafa um 24 þúsund einstaklingar þurft að leita sér aðstoðar á Vog frá stofnun sjúkrahússins.

-ka



TÓKU FYRSTU STUNGUNA Það voru konurnar á vaktinni í gær sem tóku fyrstu skóflustunguna að nýrri álmu en Arnþór segir mikinn meirihluta starfsfólks SÁÁ vera konur.



7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

www.kia.com

Nýr Kia í ábyrgð til 2020!

cee'd dísil - verð frá 3.370.777 kr.

180.000 kr. kaupauki

fylgir nújum Kia cee'd - fyrstir koma fyrstir fá

Vetrardekk og 100.000 kr. eldsneytiskort **NI**

HVÍTA HÚSDÍL/SIA - 48-2400



Sportage 2.0 dísil 4WD - verð frá 5.990.777 kr.

420.000 kr. kaupauki

fylgir nújum Kia Sportage - fyrstir koma fyrstir fá

Vetrardekk, dráttarbeisli og 100.000 kr. eldsneytiskort **NI**



The Power to Surprise

Komdu og reynsluaktu sparneytnum Kia

Kia fjölskyldan er stór og fjölbreytt og mætir ólíkum þörfum fólks fyrir góða og örugga bíla. Þeir eiga líka ýmislegt sameiginlegt og ættarsvipurinn leynir sér ekki. Frábær nútímaleg hönnun, **einstök sparneytni** og tækni í fremstu röð eru þar á meðal. Að ógleymdri **7 ára ábyrgðinni, sem greinir Kia frá öllum öðrum bílum sem í boði eru.**

Komdu og finndu réttan Kia fyrir þig og þína. Við tökum vel á móti þér.

picanto

RIO

cee'd

cee'd_sw

CARENS

OPTIMA

SPORTAGE

SORENTO

f Þú finnur „Kia Motors Ísland“
á Facebook



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Stóreldhús

Í Rekstrarlandi býðst fjölbreytt úrval af þaulreyndum gæðavörum fyrir stóreldhús.



VNR. 98145



FÖST SÁPA

Í sjálfvirkar uppþvottavélar, 5 kg.

VNR. 99607



PVC-FILMA

45 cm x 300 m.

Verð frá 1.830 kr.

VNR. 92674



ALHLIÐA SÓTTREINSIR
500 ml úðabrusi.
Verð 539 kr.



REKSTRARLAND

Skeifunni 11 | Sími 515 1100

www.rekstrarland.is

Segir starfsfólki beitt í pólitískum átökum

Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, segir Guðríði Arnardóttur bæjarfulltrúa til vana að hafa dregið bæjarstarfsmenn í „pólitískar skylmingar“. Hún hafi verið sjálfboðaliði við Hamraborgarhátíð og engum starfsmönnum stýrt.

KÓPAVOGUR „Augljóst er að bæjarfulltrúi er í pólitískum skylmingum við undirritaða og dregur inn í það starfsmenn Kópavogsbæjar sem er til vana,“ segir Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður bæjarráðs Kópavogs, í bókun með svari sínu við fyrirspurn Guðríðar Arnardóttur bæjarfulltrúa um hlutverk Rannveigar sem „verkefnisstýru“ Hamraborgarhátíðar.

Í fyrirspurn sem Guðríður setti fram á bæjarráðsfundi 5. september var meðal annars spurt hver hefði ráðið Rannveigu sem verkefnastýru Hamraborgarhátíðar og hvaða starfsmenn hefðu unnið undir hennar stjórn.

Rannveig svaraði fyrirspurninni í bæjarráði síðasta fimmtudag. Þar kom fram að bæjarsjóður hefði ekki lagt peninga í hátíðina, sem hefði valdið Miðbæjarsamtökunum vonbrigðum, og að hún hefði unnið í sjálfboðavinnu fyrir þau – eins og hún hefði gert á öllum hátíðum frá 2010.

Að sögn Rannveigar sá hún meðal annars um að taka á móti tölvu- póstum bæjarbúa og gesta, telja út

bílastæði og leikja- og sýningar- svæði og halda uppi hvatningu á Facebook-síðu hátíðarinnar, hirta rusl og annast frágang eftir hátíðina. „Engir starfsmenn unnu undir minni stjórn,“ undirstrikar bæjarráðsformaðurinn.

Málið kom til umræðu á bæjarstjórnarfundum síðastliðinn þriðjudag. Rannveig segir að Guðríður hafi þar sagt hafa vitneskju frá ónefndum starfsmönnum bæjarins um að Rannveig hafi farið út fyrir valdsvið sitt sem kjörinn fulltrúi og skipað starfsmönnum fyrir í aðdraganda Hamraborgarhátíðar.

„Bæjarfulltrúinn Guðríður lýsir fjálglega ýmsum aðstæðum, jafnvel klæðaburði sjálfboðaliða á hátíðinni, án þess að hafa sjálf verið viðstödd, en telur ástæðu til þess að taka málið upp með öflugum myndlýsingum. Ekki síst gefur hún í skyn með afgerandi hætti að undirrituð hafi brotið samskiptareglur Kópavogsbæjar hvað varðar samskipti kjörinna fulltrúa og starfsmanna,“

RANNEIG ÁSGEIRSDÓTTIR

Formaður bæjarráðs Kópavogs segir Guðríði Arnardóttur bæjarfulltrúa gefa í skyn að hún hafi brotið samskiptareglur.



Bæjarfulltrúinn

Guðríður lýsir fjálglega ýmsum aðstæðum, jafnvel klæðaburði sjálfboðaliða á hátíðinni, án þess að hafa sjálf verið viðstödd.

Rannveig Ásgeirsdóttir formaður bæjarráðs Kópavogs.

bókaði Rannveig, sem óskaði eftir því að stjórnslusvið bæjarins skiladi greinargerð „til þess að tryggja gegnsæja, sanngjarna og áreiðanlega meðferð málsins“.

Guðríður hafnar því að fyrirspurn hennar hafi verið „pólitískar skylmingar“. Hún hafi einfaldlega fengið ábendingu sem hún hafi fylgt eftir þar sem bæjarfulltrúar hafi eftirlitsskyldu. „Ég lagði einfaldlega fram fyrirspurn og fékk svar.“

Málinu telst þar með lokið af minni hálfu,“ segir hún.

gar@frettabladid.is

GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Kveðst hafa verið að sinna eftirlitsskyldu sinni. Með svari bæjarráðsformannsins sé málinu lokið.



3,5 L/100 KM FJÖLSKYLDUBÍLL MEÐ SPARNEYTINNI DÍSILVÉL

M.V. BLANDAÐAN AKSTUR



RENAULT MEGANE SPORT TOURER



VERÐ: **3.590.000 KR.** BEINSKIPTUR
VERÐ: 3.890.000 KR. SJÁLFSKIPTUR

KOMDU Í KAFFI OG REYNSLUAKSTUR

Vertu velkomin(n) í kaffi og reynsluakstur. Eftir að hafa reynsluakið Renault veistu hve lipur og vandaður bíllinn er. Komdu í heimsókn til okkar að Sævarhöfða 2 og prófaðu bíllinn sem hentar þér – Sjáumst!

EYÐSLA FRÁ 3,5 L/100* KM DÍSIL VERÐ FRÁ 3.590.000

FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
421 8808

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

KÆLISKÁPAR

AEG

FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



AF BESTU GERÐ MIKIÐ OG GOTT ÚRVAL



Elcold

VANDAÐAR DANSKAR FRYSTIKISTUR



STÆRÐIR Í BODI:

VÖRUNÚMER:	Lítrar/nettó:	Hæð x Breidd x Dýpt:	VERÐ:
HF 12	98 L	86x55x59 cm	Kr. 59.900,-
EL22	205 L	86x72x73 cm	Kr. 99.900,-
EL35	332 L	86x105x73 cm	Kr. 114.900,-
EL45	428 L	86x130x73 cm	Kr. 119.900,-
EL53	504 L	86x150x73 cm	Kr. 133.900,-
EL61	581 L	86x170x73 cm	Kr. 149.900,-
EL71	670 L	86x180x77 cm	Kr. 179.900,-

GÓÐ
ÞJÓNUSTA
GOTT
VERÐ

**Við eigum réttu matarkistuna fyrir þig – fyrir heimili þitt og/eða fyrirtæki.
Komdu í Ormsson og veldu þá sem hentar þér best.**

OPIÐ VIRKA DAGA
FRÁ KL. 10-18
LAUGARD KL.11-15

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
Sjá nánar: www.ormsson.is

ORMSSON
KEFLAVÍK
SÍMI 421 1535

ORMSSON
AKRANESI
SÍMI 530 2870

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

ORMSSON
AKUREYRI
SÍMI 461 5000

ORMSSON
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
VÍK-EGILSSTÖÐUM
SÍMI 471 2038

ORMSSON
PAN-NESKAUPSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

Tækifæri í september


SIEMENS



Bakstursofn
HB 23AB521S (stál)

Stórt 67 lítra ofnrými. Fimm hitunaraðgerðir. Hiti á framhlið verður mestur 50° C. Sjálfhreinsiplata á bakhlið. Einnig fánlegur í hvítu.


Tækifærisverð:
129.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 169.900 kr.)



Spanhelluborð
EH 651FE17E

Án ramma. Fjórar spanhellur. Snertisleði.

Tækifærisverð:
129.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 179.900 kr.)



Veggháfur
LC 64WA521

Stál. Þrjár hraðastillingar. Hámarksafköst: 400 m³/klst.

Tækifærisverð:
39.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 49.900 kr.)

**SMITH &
NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Veifar stuðningsfólki



KOSNINGASLAGURINN AÐ NÁ HÁPUNKTI Angela Merkel Þýskalandskanslari beygir sig til að veifa fólki eftir að hafa haldið ræðu á kosningafundi flokks síns, Kristilegra demókrata (CDU), í Dresden í austurhluta Þýskalands í gær. Þingkosningar í Þýskalandi fara fram eftir viku.

NORDICPHOTOS/AFP

Vorsprung durch Technik 

**Lítur alltaf vel út.
Líka í myrkri.**

Audi Q3 lýsir upp veginn í orðsins fyllstu merkingu með glæsilegum framljósum sem bregðast sjálfkrafa við breytingum á birtuskilyrðum. Þetta er enn eitt dæmið um þá stefnu Audi að láta útlit og innihald alltaf haldast í hendur. Audi Q3 kostar frá kr. 7.590.000.




HEKLA

Dæmt fyrir fíkniefnabrot:

Var með dóp og tíu milljónir

DÓMSMÁL Í Héraðsdómi Reykjaness fyrir helgi var tekið fyrir mál manns sem ákærður er fyrir að hafa haft á heimili sínu á annað hundrað kannabisplöntur og átta kíló af maríjúana.

Eins er maðurinn ákærður fyrir peningþvætti með því að hafa selt fíkniefni fyrir tíu milljónir króna. Efnin fundust við húsléit lögreglu í febrúar árið 2011.

Málinu var frestað samkvæmt upplýsingum frá fulltrúa ríkissaksóknara. -vg



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS
Dómariinn hefði starfsstöð í Hafnarfirði.

Vilja ráða nýjan dómara:

Vilja færarlegan dómara

STJÓRNSÝSLA Innanríkisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um embætti dómara sem ekki mun eiga fast sæti við tiltekinn dómstól heldur sinna störfum við alla héraðsdómstólana eftir því sem honum kann að verða úthlutað málum við hvern þeirra í skjóli almennra heimilda dómstólaráðs.

Dómstólaráð hefur ákveðið að starfsstöð dómara, sem myndi hefja störf 3. nóvember næstkomandi, yrði í Héraðsdómi Reykjaness. Umsóknir skulu berast innanríkisráðuneytinu eigi síðar en 27. september næstkomandi. -vg



SÍMTÆKI Flestir snjallsímanotendur eiga Samsung-síma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Farsímaeignin könnuð:

Rúm 66 prósent eiga snjallsíma

KÖNNUN Áfram fjölgar í hópi snjallsímaeigenda á Íslandi og eiga tveir af hverjum þremur snjallsíma. Þetta kemur fram í könnun MMR á farsímaeignum á Íslandi.

Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 66,4 prósent eiga snjallsíma nú, borið saman við 53,8 prósent í október 2012 og 38 prósent í nóvember 2011.

Flestir snjallsímanotendur eru með símtæki frá Samsung eða 36,7 prósent svarenda. Þegar spurt var hvaða vörumerki yrði líklegast fyrir valinu ef keyptur væri snjallsími í dag sögðu flestir Samsung og næstflestir sögðu Iphone frá Apple. -ebg

HJÁLPARSTARF

Söfnun fyrir Sýrland

Rauði krossinn tók fyrir helgi við 10 milljóna króna framlagi til Sýrlands-söfnunar félagsins frá Fatímusjóði. Fénu verður varið til aðstoðar við sýrlenska flóttamenn í Líbanon. Þrjár hreyfanlegar sjúkrastöðvar eru starfræktar fyrir framlög Rauða krossins á Íslandi og í Noregi.

Vinna við gerð nýrra göngu- og hjólreiðabrúa yfir ósa Elliðaár er langt komin:

Opnað verður fyrir umferð um næstu helgi

REYKJAVÍK „Það er mjög gaman að sjá hvernig þetta lítur út, hversu vel þetta samræmist teikningunum og hvernig við höfðum hugsað þetta,“ segir Hans-Olav Andersen, arkitekt og einn hönnuða nýju göngu- og hjólbrúna yfir Elliðaárósa.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, og Hreinn Haraldsson vegamálastjóri opna formlega fyrir umferð um brýrnar næstkomandi laugardag.

Brýrnar tvær eru hvor um 36 metrar að lengd en göngu- og

hjólastígarnir á milli eru um 280 metrar.

Hans-Olav segist hlakka til að sjá hvernig verkið mun líta út fullklárað. „Það verður fyrst hægt að sjá það næsta vor, þegar grasið fer að spretta upp í kring og svona.“

Teiknistofan Tröð er aðalhönnuður verksins en hún fékk til liðs við sig Sigurð Inga Ólafsson hjá Teiknistofunni Nýbýli. Norska arkitektastofan Snøhetta var með landslagsráðgjöf og VJI kom að hönnun lýsingar og rafmagns. -ka



VIÐ BRÚNNA Hans-Olav Andersen og samstarfsmenn hans á Teiknistofunni Tröð hittust fyrir helgi og virtu fyrir sér mannvirkið við Elliðaár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Byrjaðu daginn á Himneskri Hollustu

NJÓTTU VEL MEÐ HIMNESKRI HOLLUSTU
Náðu þér í frítt veglegt uppskriftahefti við vörulínu Himneskrar Hollustu í öllum helstu matvöruverslunum.



Heilbrigð skynsemi

Yggdrasill heildsala | yggdrasill.is

HIMNESK HOLLUSTA

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



NÁTTÚRUGRIPAGREINING

Dagur íslenskrar náttúru er í dag. Af því tilefni ætlar Náttúrufræðistofnun Íslands að bjóða upp á náttúrugripagreiningu í starfsstöðvum sínum í Garðabæ og á Akureyri.

ÞETTA ER TUDOR



Rafgeymar í allar gerðir farartækja

SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

LERKIÐ MÁ NOTA ÚTI OG INNI

HEIMILI Georg Pétur Ólafsson húsgagnasmiður smíðar bekki úr íslensku lerki en hann segir lerkid henta sérstaklega vel í útihúsgögn. Það sé synd að stór hluti þess sem grisjað er í íslenskum lerkiskógum endi í brennsluofni.

Það er gaman að geta nýtt innlent hráefni en ég las einmitt í Bændablaðinu um daginn að lerkiskógarnir fyrir austan væri orðnir góðir til nytja. Það er því synd að megnið af því lerki sem grisjað er á landinu fer í brennslu í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Almennt er fólk þó að átta sig á því að nýta hráefni úr héraði, til dæmis í matargerð. Því ekki í aðra framleiðslu líka? segir Georg Pétur Ólafsson húsgagnasmiður, en Georg smíðaði nokkra bekki úr íslensku lerki fyrir móður sína, sem enduðu óvænt á sýningu í sumar.

„Það lá beinast við að smíða bekkina úr íslensku lerki. Mamma er listakona og bað mig um að smíða eitthvað fyrir sig undir hlutina hennar á sýningunni Matur er manns gaman, í Gallerí Leir7 í Stykkishólmi, en hún smíðar alla sína muni úr íslenskum víði. Verkefnið vatt upp á sig og á endanum stóðu bekkirnir sem sjálfstæðir hlutir á sýningunni,“ segir Georg.

Bekkir Georgs vöktu athygli á sýningunni og seldust reyndar allir nema einn. Þann bekk nýtir Georg heima hjá sér í garðinum en hann segir íslenska lerkid sérstaklega góðan efni við í útihúsgögn.

„Bekkina er bæði hægt að nota úti og inni en lerkid ver sig einstaklega vel utanhúss. Það gránar eins og annar viður en fúnar miklu hægar út af kvodunni sem í því er og endist því í fjölda ára. Lerkid er hart að vinna úr en með nútímagræjum er vel hægt að smíða úr því,“ segir Georg. „Auðvitað væri gaman að búa til eigin vörulínu,“ bætir hann við en eftir sýninguna í Stykkishólmi fékk hann þó nokkrar pantanir sem hann smíðar þegar hann á lausa stund.



HENTAR VEL ÚTI Georg Pétur Ólafsson húsgagnasmiður smíðar bekki úr íslensku lerki. MYND/VALLI

heida@365.is

Lyftarar á hagstæðu verði

Úrval af tjökkum og trillum



Létu þér störfín...



Ísöld ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á
WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00



Reverie

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu Fyrsta sending seldist strax upp!
Kíktu á www.reverie.com



- Inndraganlegur sterkur stálbotn. Rúm dregst upp að vegg þegar baki er lyft upp
- Hægt er að fá búnað til að nota iPad, iPhone, iPod Touch eða Android snjalltæki sem fjarstýringu.
- 10 mismunandi nuddstillingar
- Hljóðlátir og krafmiklir mótórar
- Lyftiget 2x611 kg, hvor botn
- Hliðar- og endastopparar svo dýnur færast ekki í sundur.
- Glæsileg fjölnota fjarstýring

Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa
★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausar greiðslur*

*3.5% lántökugjald



REVERIE 7S með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 379.900.-

Proflex stillanlegur botn með Memory heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 249.900.-

REVERIE 7S með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 499.900.-

Proflex stillanlegur botn með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
Verð aðeins kr. 369.900.-

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS



vísir
FÉLAG FASTEIGNASALA

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS
Félagsnúmer 12 844 1001

SPARIÐ ORKU

■ GÓÐ RÁÐ
Nú þegar kólnar í veðri og hækka þarf hita í húsinu er ágætt að hafa í huga nokkur góð ráð til að spara orku. Orkusettur hefur sett tíu góð sparnaðarráð á heimasíðu sína sem einfalt er að fara eftir. Um leið sparast peningar. Orkunýtni

Bæta má orkunýtni án aukakostnaðar. Hér eru tíu ráð sem kosta ekkert en geta dregið verulega úr orkukostnaði heimila:

- Lækka innihita niður í 20°C.
- Slökkva alveg á raftækjum, ekki skilja þau eftir í biðstöðu.
- Hafa glugga lokaða nema við gagnera loftun.
- Ganga eða hjóla styttri vegalengdir.
- Fylla ávallt þvottavél og uppþvottavél.
- Hafa lok á pottum og pönnum og þekja alla helluna.
- Setja gluggatjöld fyrir glugga að næturlagi.
- Vistakstur með mjúkum akstri og réttum loftþrýstingi í dekkjum.
- Ekki byggja ofna með húsgögnum eða gluggatjöldum.
- Fara í sturtu frekar en bað.



FYRIRLESARAR Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður og Magnea Einarsdóttir fatahönnuður.
MYND/GVA

EFNILEGIR HÖNNUÐIR

ÁHUGAVERÐIR FYRIRLESTRAR Tveir ungir hönnuðir hefja fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvarinnar.

Fyrrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvarinnar hefst næsta fimmtudag þegar Þórunn Árnadóttir vöruhönnuður og Magnea Einarsdóttir fatahönnuður halda fyrirlestur í Hafnarhúsinu í Reykjavík. Þórunn, sem útskrifaðist úr vöruhönnun frá Listaháskóla Íslands árið 2007 og með MA-gráðu í vöruhönnun frá Royal College of Arts í London árið 2011, hefur starfað sjálfstætt sem vöruhönnuður undanfarin ár og getið sér gott orð. „Ég mun fjalla um nokkur þeirra verkefna sem ég hef unnið að undanfarin ár og fara ofan í ferlið á bak við hugmyndirnar. Mig langar að sýna fólki hvernig ég fæ hugmyndir, hvaða aðferðir ég nota og hvernig mismunandi þættir spila inn í lokaútkomuna.“ Hún segist vinna með fjölbreytta miðla og tækni við hönnun sína og að forvitni drífi sig áfram. „Ég vil fá fólk til að hugsa öðruvísi um hluti sem því fannst annars vera sjálf-sagðir og venjulegir.“

með áherslu á þrjón. Hún hefur einnig stundað nám í Parsons Paris School of Design. „Í fyrirlestri mínum mun ég kynna útskriftarlínuna mína en í hönnunarferlinu þróaði ég textil úr íslenski ull og gúmmí. Einnig mun ég kynna verkefni sem ég hef fengið við síðan en ég hef tekið þátt í sýningum erlendis og hannað tvær fatalínur til framleiðslu.“ Hönnun Magneu er lituð af þrjóni enda heillaðist hún af því í náminu. „Það felast svo miklir möguleikar í þrjóni og mér finnst áhugavert að geta hannað eigið efni frá grunni.“



Á síðasta ári lenti Magnea í öðru sæti í fatahönnunarkeppninni Muuse x Vogue Young Talents. „Í kjölfarið var mér boðið að vera einn af hönnuðum Muuse en fyrirtækið kemur efnilegum hönnuðum á framfæri. Eftir það var mér boðið að sýna á tveimur tiskuhátíðum í Evrópu í sumar auk fleiri tilboða sem ég er að skoða.“

Fyrirlesturinn fer fram í Hafnarhúsinu fimmtudaginn 19. september kl. 20.

KISUKERTI
PyroPet er kerti hannað af Þórunni sem er mótað eins og köttur.

PRJÓNAHÖNNUN
Hönnun Magneu er lituð af þrjóni.



TILBOÐ

kitchn
HREINT OG KLÁRT

Baðherbergi Skóhillur Vandaðar hillur Búrskúffur Innbyggðar hillur Skúffuinnvols

ER SUMRI HALLAR OG HAUSTA FER TILBOÐ VIÐ HÖFUM Í SEPTEMBER

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRETTINGUM Í SEPTEMBER

KOMDU MEÐ MÁLIN og við hönnuð, teiknum og gerum þér hagstætt tilboð.

VIÐ KOMUM HEIM TIL ÞÍN, tökum mál og ráðleggjum um val innréttingar.

ÞÚ VELUR að kaupa innréttinguna í ósamsettum einingum, samsetta eða uppsetta.

FAGMENNSKA Í FYRIRFÚMI Þú nýtur þekkingar og reynslu og fyrsta flokks þjónustu.

friform.is
Mán. - föst. kl. 9 - 18
Laugardaga kl. 11-15

Friiform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

VIÐHALD

MÁNUDAGUR 16. SEPTEMBER 2013

FASTEIGNA

Ekkert múrbrot

Fyrirtækið Oliner System Iceland sérhæfir sig í að fódra lagnir og notar til þess vottuð efni. [SÍÐA 2](#)

Heildarþjónusta

Eignaumsjón er leiðandi þegar kemur að heildarþjónustu í rekstri atvinnu- og íbúðarhúsnæðis. [SÍÐA 2](#)

Lagnir og viðhald

GG Lagnir sinnir almennri pípulagninga-þjónustu og stendur framarlega í fódningu lagna. [SÍÐA 3](#)

Múr- og steypuviðgerðir

Hágæði annast múr- og steypuviðgerðir og sinnir auk þess fyrirbyggjandi vörnum fyrir fasteignir. [SÍÐA 4](#)

Ekkert múrbrot með fóðrun lagna

Oliner System Ísland sérhæfir sig í því að fóðra frárennslislagnir að innan sem þýðir minna rask enda þarf hvorki að grafa né brjóta upp. Fyrirtækið beitir þaulreyndum aðferðum og hafa öll efni sem notuð eru hlotið SINTEF-vottun.

Oliner System Ísland sérhæfir sig í að fóðra frárennslislagnir í húsum; einbýlishúsum, fjölbýlishúsum og húsum þar sem fram fer rekstur. Það er dótturfyrirtæki Olinb Group í Noregi, sem hefur áratugareynslu af fóðrun stærri sem smærri lagna. Oliner System er starfrækt í Noregi, Svíþjóð, Bandaríkjunum, Kanada og nú á Íslandi.

„Við höfum starfsemi undir merkjum Oliner System í apríl en búum þó yfir áralangri reynslu, segir eigandinn Arnar Hreinsson, sem hefur starfað við fagið í sextán ár.

- Full HD 1920 x1080 punktar
- 200 Hz X-Reality myndvinnslukeyfi
- Multimedia HD link fyrir snjallsíma
- Netfengjanlegt og innbyggt WiFi

Verð 259.990.-

Sony Center
Verslun Nýherja Borgartúni / 569 7700

Sony Center
Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri / 569 7645

12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*
*3,5% lántökugjald og 330 kr. færslugjald á hvern gjaldþaga

Vildi gefa til baka til félagsins

KÖRFUBOLTI Logi Gunnarsson er kominn heim í Njarðvík. Landsliðsmaðurinn samdi við uppeldisfélag sitt um helgina til eins árs og ætti að reynast liðinu mikill styrkur fyrir komandi leiktíð.

Skotbakvörðurinn hefur verið í leit að liði erlendis undanfarnar vikur og mánuði. Hann lék síðast í Frakklandi en hefur komið víða við á ferli sínum. Finnland, Spánn og Þýskaland hafa öll orðið á vegi kappans. Fleiri íslensk félög ræddu



við Loga en Njarðvíkingurinn 32 ára ákvað að halda heim.

„Ég er ánægður að liðið er byggt á ungum strákum og ég hef æft og fylgst með liðinu undanfarnar sumur. Mig langar að spila með þessum guttum,“ segir Logi í samtali við Karfan.is. Hann hafi viljað snúa heim og gefa til uppeldisfélagsins. Logi skoraði fjórtán stig þegar Njarðvík lagði Þór úr Þorlákshöfn 95-87 í Fyrirtækjabikarnum í Ljónagryfjunni í gærkvöldi. -kt

Lars segir Heimi góðan kandídat

FÓTBOLTI Lars Lagerbäck, þjálfari karlalandsliðs Íslands, list vel á að aðstoðarmaður hans, Heimir Hallgrímsson, taki við liðinu í framtíðinni.

„Ég var mjög heppinn að fá Heimir sem minn aðstoðarmann,“ segir Lagerbäck og bendir á að KSÍ hafi lagt hann til. Þeir hafi náð vel saman og séu góðir vinir.

Áhætta sé alltaf tekin þegar tveir þjálfarar vinna saman. Hann hafi hins vegar dottið í lukkupottinn og þakkar fyrir hve fróður Heimir er um íslenska knattspyrnu.

„Ég hef þjálfað í 35 ár og ég er 100 prósent á því að Heimir sé góður

kandídat. Þú þarft að hafa þekkingu og einnig er gott að hafa reynslu við landsliðsþjálfun sem hann hefur,“ segir Lagerbäck.

Samningur Svíans rennur út í lok undankeppni HM og óljóst hvað við tekur. Greinilegt er að hann hefur miklar mætur á Heimi.

„Landsliðsþjálfari þarf að hafa góðan persónuleika til þess að leiða hóp leikmanna. Heimir hefur hann.“

Þjálfararnir vinna nú að undirbúningi fyrir landsleik Íslands og Kýpur á Laugardalsvelli þann 11. október. Miðar fóru í sölu á miðvikudaginn og nú er uppselt. -kt



TVEIR GÓÐIR Strákunum okkar hefur gengið vel upp á síðkastið.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



HETJAN Kristín Guðmundsdóttir skoraði sigurmark Vals. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

HANDBOLTI Valur og ÍR lögðu Framara að velli í árlegum leikjum Íslandsmeistaranna gegn bikarameisturunum í Safamýri í gær.

Leikur kvennaliða Fram og Vals var æsispennandi en ÍR-ingar höfðu töluverða yfirburði í viðureign karlaliðanna. Nánari umfjöllun og viðtöl á Vísi. -kt

FRAM - VALUR 26-27

Mörk Fram: Ragnheiður Júlíusdóttir 11/1, Steinunn Björnsdóttir 6, Sigurbjörg Jóhannsdóttir 5/3, Ásta Birna Gunnarsdóttir 2, Hafðís Shizuka Iura 1, Hekla Rún Ámundadóttir 1.

Varin skot: Sunneva Einarsdóttir 8

Mörk Vals: Hrafnhildur Ósk Skuladóttir 9/4, Kristín Guðmundsdóttir 8, Íris Ásta Pétursdóttir 4, Karólína Bærhenz Láruddóttir 3, Aðalheiður Hreinsdóttir 1, Gherman Marínela 1, Morgan Þorkeldsdóttir 1/1.

Varin skot: Guðný Jenny Ásmundsdóttir 22/2

FRAM - ÍR 25-30

Mörk Fram: Stefán Darrí Þórsson 6/1, Stefán Baldvín Stefánsson 5, Sigurður Örn Þorsteinsson 5, Garðar B. Sigurjónsson 3, Sveinn Þorgeirsson 3, Ólafur Magnússon 2, Ragnar Kjartansson 1.

Varin skot: Steffan Nielsen 15/1, Svavar Már Ólafsson 3.

Mörk ÍR: Björgvin Hólmgeirsson 11, Sigurjón Friðbjörn Björnsson 5, Arnór Birkir Hálfánarson 4, Daniel Ingi Guðmundsson 3, Sturla Ásgeirsson 3/1, Jón Kristinn Björgvinsson 1, Guðni Már Kristinsson 1, Jón Heiðar Gunnarsson 1, Davíð Georgsson 1.

Varin skot: Arnór Freyr Stefánsson 14, Kristófer Fannar Guðmundsson 1.

Stjarnan í algjörum sérflokk

Kvinnalið Stjörnunnar fékk Íslandsmeistarabikarinn afhentan eftir 6-0 slátrun á grönnum sínum í Breiðabliki í gær. Stjarnan vann alla átján leiki sína og fékk aðeins á sig sex mörk. Hvort tveggja er einsdæmi.

FÓTBOLTI „Auðvitað var aðalmarkmið sumarsins að verða Íslandsmeistari. Við vorum ekkert að spá í svona metum,“ segir Þorlákur Árnason, þjálfari Garðabæjarliðsins. Harpa Þorsteinsdóttir og Danka Podovac skoruðu tvö mörk hvor í 6-0 sigri á Breiðabliki í lokaumferðinni í gær.

„Þetta er náttúrulega óaðfinnlegt hjá okkur og ótrúlegur árangur. Við erum svo ánægðar með okkur,“ sagði Harpa sem fór á kostum í sumar. Harpa skoraði 28 mörk í átján leikjum, varð langmarkahæsti leikmaður deildarinnar og ljóst er að hún verður kosin besti leikmaður deildarinnar í ár.

„Það er öllum ljóst. Hún hefur ekki bara skorað þessi mörk heldur á hún einnig fjórtán stoðsendingar í deildinni,“ segir Þorlákur.

Þjálfarinn segir ljóst að fimm lið hafi ætlað sér sigur áður en keppni hófst í mótinu í maí.

„Þór/KA og Valur stimpluðu sig út snemma og eftir fyrstu umferðina voru það eiginlega bara Blikar sem áttu möguleika,“ segir Þorlákur. Stjarnan missti Íslandsmeistararitilinn í hendur Þórs/KA síðastliðið sumar. Hann viðurkennir að Garðabæingar hafi verið fúlir í lok leiktíðar en endurmetið stöðuna með tímanum. Liðið varð bikarameistari og hafnaði í 2.-3. sæti deildarinnar.

„Við vorum með meiri breidd og sterkari hóp í fyrra en lentum



ÁRANGRI FAGNAÐ Stjornustelpurnar létu hvassviðri og skítakulda ekki hafa áhrif á fagnaðarlæti sín í Garðabænum í gær. Eftir hefðbundnar myndatökur tóku Garðabæingar eina góða hrúgu á þjálfarann sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

í miklum meiðslum á svipuðum tíma,“ segir Þorlákur. Liðið hafi hins vegar mætt afar hungrað til leiks í sumar og uppskorið eftir því.

Vill sjá fleiri í landsliðinu

Þorlákur hefur ekki tekið ákvörðun um hvort hann verði áfram með liðið. Hann muni hugsa málið og ræða við Stjörnuna í kjölfarið. Hann telur að félagið muni halda öllum þeim leikmönnum sem það vill. „Stemningin í liðinu er einfallega það góð.“

Stjarnan fagnaði titlinum vel í gærkvöldi en þó eru leikmenn ekki komnir í frí. Æfingum verður haldið áfram fram í október þótt álagið verði minnkað. Landsleikir eru fram undan gegn Sviss 26. september og í Serbíu 31. október.

Leikirnir verða þeir fyrstu undir stjórn nýs landsliðsþjálfara, Freys Alexanderssonar.

Stjarnan átti fimm fulltrúa í landsliðshópnum á EM í Svíþjóð í sumar. Glódís Perla Viggósdóttir og Harpa Þorsteinsdóttir komu við sögu auk þess sem Anna Björk Kristjánsdóttir, Soffía Arnþrúður Gunnarsdóttir og Sandra Sigurðardóttir voru á bekknum. Láki vill sjá Írunni Þorbjörgu Aradóttur og Önnu Maríu Baldursdóttur í landsliðshópnum.

„Ég yrði mjög hissa ef Írunn og Anna María fá ekki kallið,“ segir Þorlákur. Hann segir líka landsmenn eiga eftir að sjá það besta frá Hörpu í landsliðinu. Hún eigi að spila frammi en ekki í öðrum stöðum framarlega á vellinum.

Hann bendir einnig á hve vel íslenska landsliðið standi með miðverði sína Glódísi Perlu og Önnu Björk.

„Sif Atladóttir er besti miðvörður sem við eigum. En ef hún er meidd verðum við í engum vandræðum.“

kolbeinntumi@frettabladid.is

PEPSI DEILDIN 2013

STAÐAN

Stjarnan	18	18	0	0	69:06	54
Valur	18	12	3	3	53:20	39
ÍBV	18	12	1	5	43:25	37
Þór/KA	18	8	6	4	38:24	30
Breiðablik	18	9	2	7	38:32	29
Selfoss	18	6	3	9	19:33	21
FH	18	4	5	9	35:44	17
Afturelding	18	4	2	12	17:45	14
HK/Víkingur	18	4	2	12	20:52	14
Þróttur	18	1	0	17	13:64	3



Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!

1. stig alm. hluta hefst 7. okt nk. og 2. stig 14. okt. Námið gildir jafnt fyrir allar íþróttageinar!

Skráning á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000.

Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á **www.isi.is**



REEBOK FITNESS | HOLTAGÖRÐUM | RFC.IS

FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA

Reebok FITNESS

VERTU TIL. ENGIN BINDING

**ZUMBA · FOAM FLEX · SPINNING
HOTYOGA · BUTTLIFT · BODY PUMP**

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



Lúr býður mikið úrval af Amerískum dýnum frá Serta og dönskum gæðarúmum frá Passion.



Diva tungusófi

Nettur og þægilegur tungusófi. DIVA er bólstraður í stungnu leðri allan hringinn.



Ezzy

Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða fyrir auka stuðning. Þrír litir í boði.



Espace

Léttur og smekklegur þriggja sæta sófi með krómuðum fótum.



Yuni

Fallegur og rúnaður horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Fáanlegur alklæddur leðri eða með áklæði í tauí. Margar stærðir og litir í boði.



Binnaria stóll

Vandaður stóll sem hentar sérstaklega vel fólki sem starfar í sitjandi stöðu en þarf hreyfanleika.



Demetra svefnsófi

Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.



Tripode lampi

Síorglæsilegur hönnunarlampi frá Santa & Cole á Spáni.



Toronto Innskotsborð

Falleg innskotsborð frá Ítalíu. Hægt að nýta sem hliðarborð eða renna fótum undir sófann og nota borðplötuna yfir sessu eða armi.

Komdu í heimsókn

- og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR

BETRI HVÍLD

Ósáttir með vinnu mótanefndar

Fresta þurfti öllum þremur leikjunum í Pepsi-deild karla í gær vegna veðurs.

FÓTBOLTI „Þessi ákvörðun hefði getað legið fyrir á laugardag og þá átti að fresta leiknum,“ segir Jónas Gestur Jónasson, formaður Víkings Ólafsvíkur, í samtali við Vísi í dag.

Öllum þremur leikjum gær-dagsins í Pepsi-deild karla þurfti að fresta vegna veðurs; víðureign Þórs og Keflavíkur, KR og Fylkis, og loks víðureign IA og Víkings Ólafsvíkur á Skipaskaga. Gestaliðin voru mætt á keppnisstað þegar dómari tók ákvörðun um að fresta leikjunum.

Jónas Gestur var sáttur með ákvörðun dómarsins en gagnrýndi þó vinnubrögð mótanefndar KSÍ, sem hann hafði samband við á laugardag vegna slæmrar veðurspár.

„Það var alltaf vitað að það yrði vitlaust veður hérna seinnipartinn í dag (sunnudag). Allar spár bentu til þess og við eigum mjög góða veðurfræðinga á Íslandi. Þetta er mikill óþarfa kostnaður fyrir okkur og ég held að mótanefndin þurfi að skoða sín vinnubrögð betur og lesa betur í veðurspár.“



FYLUFERÐ Einar Hjörleifsson og félagar mættu á Skagann í gær en fengu engan leik.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Ferrer er hrokalaus

Jón Axel Jónsson lauk á dögnum hæstu þjálfaragráðu í tennis. Hann segir að bæta þurfi aðstöðu til muna á Íslandi til að geta fjölgað afreksfólki í íþróttinni.

TENNIS „Við vorum að þjálfra efnilegustu krakka í heimi. Þetta var virkilega skemmtilegt og ég lærði ekkert smá mikið af þessu,“ segir Jón Axel Jónsson. Tenniskappinn af Álftanesi er útskrifaður með þriðju og um leið hæstu þjálfaragráðu Alþjóðatennissambandsins, ITF, en hann dvaldi í Valencia á Spáni í sex vikur í sumar.

Jón Axel fékk styrk frá Alþjóða-ólympíusambandinu til þess að sækja námskeiðið en aðeins átta til tólf manns fá styrkinn á hverju ári. Hann sótti um styrkinn í gegnum ITF, fékk staðfestingu á að styrkurinn hefði fengist og hélt í kjölfarið í höfuðstöðvar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

„Þau hlógu að mér fyrst,“ segir Jón Axel en starfsfólk ÍSÍ var ekki að kaupa að hann hefði fengið styrkinn. Afar sjaldgæft er að Íslendingar fái viðkomandi styrk og átti það greinilega ekki von á að þjálfari úr tennisheiminum hefði fengið hann.

Hentu í mig 15-20 bókum

Þjálfarabúðirnar voru tvískiptar. Annars vegar voru þjálfaraefnin úti á velli til þrjú á daginn að þjálfra fyrrnefnda tennisiðkendar. Ein frægasta tennisskóla í heimi er í Valencia þar sem bæði margt af besta og efnilegasta tennisfólki heims er við æfingar. Síðdegis tók við bóklegi þátturinn.

„Þeir hentu í mig 15-20 bókum,“ segir Jón Axel sem sat við lestur langt fram á kvöld. Í hverri viku var ákveðið þema og í lok hennar fór fram próf. Standast þurfti öll prófin til þess að öðlast réttindin. Jón Axel og landsliðsþjálfari Eista voru þeir einu sem tóku hæstu gráðuna í sumar en auk þess var landsliðsþjálfari Paragvæ að taka næsthæstu gráðuna. Jón Axel hefur áður menntað sig sem þjálfari í Bandaríkjunum þar sem hann var í háskóla.

Jón Axel segir að vikan þar sem líffræði var tekin fyrir hafi verið langerfiðust. Þar var skoðað hvernig líkamar iðkenda væru misjafnir miðað við kyn og aldur.

„Það var langerfiðasta prófið og ég hef sjaldan verið jafnstressaður,“ segir Jón Axel, sem lauk öllum prófunum með sóma. Hann þurfi reyndar að bíða í nokkrar vikur eftir heimkomuna



Á HEIMAVELLI Jón Axel var á sínum tíma einn efnilegasti tenniskappi landsins. Nú miðlar hann af reynslu sinni og þjálfar næstu kynslóð spilara.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

en niðurstöðurnar skiluðu sér í síðustu viku.

Í æfingabúðunum hitti Jón Axel meðal annars fyrir Spánverjann David Ferrer og hina ítölsku Söru Errani. Jón fylgdist með þeim á velli og kynntist þjálfara Ferrers. Hann ber þeim vel söguna.

Ferrer út á akri að hlaupa

„Hann er hrokalaus, grínadist í öllum og gaf af sér til krakkanna,“ segir Jón Axel. Það er nánast einsdæmi að hans mati enda haldi flestir af þeim bestu sig út af fyrir sig. Eftir æfingar einn daginn voru Jón og krakkarnir á leiðinni heim í rútu enda hitinn nærri fjörutíu gráðum. „Þá fór hann að hlaupa úti á ökrum. Ég hef aldrei séð svona hörku áður.“

Jón Axel er einn af landsliðsþjálfurum Íslands og afar virkur í öllu tennisstarfi, sem fer að stærstum hluta ársins fram í Tennishöllinni í Kópavogi. Þar eru þrjú vellir en Jón Axel segir fleiri velli þurfa til að tennis geti

„Það eru engir skólar á Íslandi sem vinna almennilega með íþróttum.“

Jón Axel Jónsson tennissþjálfari

vaxið og krakkarnir geti bætt sig. Markmiðið sé að koma iðkanda á alþjóðastyrkleikalista. Margt þurfi að koma til þess að það takist.

„Það er stúfult í Tennishöllinni allan daginn. Við mætum á æfingar klukkan 6.30 til þess að fá tíma fyrir krakkana,“ segir Jón Axel. Hann segir líka tíma til kominn að meiri skilningur sé sýndur hjá skólafyrirvöldum gagnvart efnilegum íþróttaiðkendum.

„Það eru engir skólar á Íslandi sem vinna almennilega með íþróttum,“ segir Jón Axel. Hann bendir á að ytra geti iðkendar verið í skóla þar sem bæði sé lögð áhersla á menntun og krökkum gefinn kostur á að æfa íþrótt sína af kappi.

kolbeinntumi@frettabladid.is

Nýtt!

2 í 1



Kvef?

Nýtt lyf sem verkar bæði gegn nefstíflu og nefrennsli



Otrivin[®] Comp

Andaðu með nefinu

Otrivin Comp, nefúði, lausn. Innihaldslýsing: Xylometazólinhýdróklóríð 0,5 mg/ml og ipatrópiumbromíð. **Ábendingar:** Einkenni nefstíflu (þrúttinnar nefslímhúðar) og nefrennsli af völdum kvefs. **Skammtar og lyfjagjöf fyrir fullorðna eldri en 18 ára:** 1 úðaskammtur í hvora nös eftir þörfum, að hámarki þrisvar á sólarhring. Að minnsta kosti 6 klukkustundir skulu líða milli tveggja skammta, draga skal úr skömmtum þegar einkenni lagast. Ekki má nota Otrivin Comp lengur en 7 daga þar sem langvarandi notkun xylometazólinhýdróklóríðs getur leitt til bólgu í nefslímhúð og aukinnar slímmyndunar. Sniyttu þér. Fjarlægðu glæru plasthettuna. Skorðuðu úðaflöskuna milli fingrana. Úðað er með því að þrýsta kraganum niður að flöskunni. Hallaðu höfðinu örliðið fram. Stúturinn á úðaflöskunni er settur upp í nösina. Úðað er einu sinni, um leið og andað er að sér inn um nefið. Farðu eins að í hina nösina. Ekki má nota lyfið ef þú ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnum, ofnæmi fyrir atrópíni eða svipuðum efnum (t.d. hýoscýámin eða skópólámin), ef þú hefur gengist undir aðgerð í gegnum nefið eða munninn, ef þú ert með neipurrk vegna slímhúðarbólgu eða ert með gláku. **Ráðfærðu þig við lækni áður en lyfið er notað ef þú ert:** Þunguð, með barn á brjósti, næmur fyrir adrenavirkum efnum, hjarta- eða æðasjúkdóm, skjaldvakaóhöf, sykursjúki, háþrýsting, erfiðleika við þvaglát (stækkaðan blöðruhálskirtli), æxli í nyrnahettum, ef þú færð oft blóðnasir (t.d. aldraðir), ert með þarmalömun, slímseigjujúkdóm, þunglyndi og ert á lyfjameðferð við því. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Markaðsleyfishafi: Novartis Healthcare. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ.

MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING

uvex reiðhjálmar „**exxential**“ (áður „**uvision**“) og „**supersonic elegance**“



Í maí árið 2013 prófaði sænska neytendastofnunin „Konsumentverket“ 11 reiðhjálma frá mismunandi framleiðendum og 10 hjálmar fengu athugasemdir. Einn af þessum hjálum er uvex hjálmar – tegundin heitir exxential (áður uvision). Vegna þessarar prófunamiðstöðu framkvæmdum við sjálfir miklar prófanir á reiðhjálum úr allri vörulínu okkar og ákváðum að sumir þeirra uppfylltu ekki staðla um viðnám gegn því að eitthvað stingdist í gegnum þá og/eda um höggþol. Ef slys á sér stað getur þessi galli valdið líkamstjóni. Jafnvel þótt ekki allir hjálmar séu gallaðir, þá tekur fyrirtækið markmið sitt um að „vemda fólk“ mjög alvarlega. Ef þú átt reiðhjálma af gerðinni **exxential** (áður uvision), **uvision elegance** eða **supersonic elegance**, vinsamlegast hættu notkun hans undir eins þar sem þú getur ekki ákvarðað sjálf/ur hvort hjálmar þinn er gallaður.

Vinsamlegast skilaðu hjálminum til þess smásöluadila þar sem reiðhjálmurinn var keyptur. Við munum gera við hjálminn eða láta þig fá annan hjálma sem er að minnsta kosti sambærilegur. Sem þýskur framleiðandi á hágæðavörum, biðjum við þig innilega afsökunar á öllum óþægindum sem þetta kann að valda. Vinsamlegast ekki hika við að hafa samband við uvex í síma: +49 911 9774-0 ef þú ert með einhverjar spurningar.

Við þökkum þér kærlega fyrir samstarfið og vonum að þú haldir áfram að leggja traust þitt á vörur sem eru „framleiddar í Þýskalandi“.

UVEX SPORTS GmbH & Co. KG, Würzburger Str. 154, 90766 Fürth/Germany, www.uvex-sports.de

uvex

Svona byrjuðu Bretarnir hjá Real

Gareth Bale skoraði í sínum fyrsta leik með Real Madrid um helgina. Hann er sjötti breski leikmaðurinn til þess að spila með spænska stórliðinu en fimm Englendingar hafa áður haldið á vit ævintýrana í spænsku höfuðborginni. Allir byrjuðu með ágætum nema einn.



Laurie Cunningham

KAUPVERÐ
950 þúsund pund
sumarið 1979.

Enski kantmaðurinn var keyptur frá West Brom og var fyrsti Bretinn á mála hjá Real. Cunningham var fyrsti þeldökki landsliðsmaður Englands.

FYRSTI LEIKUR
Cunningham skoraði tvö mörk og lagði upp það þriðja í 3-1 sigri á Valencia. Átti erfitt með að festa sig í sessi á fjórum árum hjá Real. Lét lífið fyrir aldur fram í bílslysi árið 1989.



Steve McManaman

KAUPVERÐ
Fór á frjálstri sölu frá Liverpool
sumarið 1999.

Félagaskipti McManaman voru umdeild þar sem hann hafði neitað að framlengja samning sinn við Liverpool.

FYRSTI LEIKUR
Lagði upp sigurmark í viðbótartíma í 2-1 sigri gegn Mallorca. Varð fyrsti Englendingurinn til að vinna Meistaradeildina með liði utan Evrópu og sá fyrsti til að vinna keppnina tvisvar. Starfar í dag í sjónvarpi.



David Beckham

KAUPVERÐ
35 milljónir punda
sumarið 2003.

Beckham gekk í raðir Real Madrid frá Manchester United þrátt fyrir miklar vangaveltur um að Barcelona yrði áfangastaður hans.

FYRSTI LEIKUR
Það tók Beckham aðeins þrjár mínútur að opna markareikning sinn hjá Real í 3-0 sigri á Mallorca í Ofurbikarnum. Beckham féll í ónáð hjá Fabio Capello en vann sig aftur inn í liðið sem hlaut spænska titilinn vorið 2007. Hélt í kjölfarið til L.A. Galaxy í Bandaríkjunum.



Michael Owen

KAUPVERÐ
8 milljónir punda
sumarið 2004.

Owen var markahæsti leikmaður Liverpool sjö tímabil í röð áður en hann hélt til Spánar. Var valinn knattspyrnumaður ársins í Evrópu árið 2001.

FYRSTI LEIKUR
Owen kom inn á sem varamaður og lagði upp mark fyrir Ronaldo í 1-0 sigri á Mallorca. Owen skoraði þrettán mörk sitt eina tímabil með Real. Í kjölfarið flakkaði hann frá Newcastle til Manchester United áður en hann lagði skóna á hilluna sem leikmaður Stoke í vor.




Jonathan Woodgate

KAUPVERÐ
13 milljónir punda
sumarið 2004.

Kaupin á Woodgate komu töluvert á óvart enda hafði hann langa meiðslasögu að baki. Hann var meiddur við komuna til Madridar og spilaði ekkert fyrstu leiktíðina.

FYRSTI LEIKUR
Woodgate skoraði sjálfsmark og var rekinn af velli með sitt annað gula spjald um miðjan síðari hálfleik í 3-1 sigri Real á Athletic Bilbao. „Þetta var ekki hin fullkomna byrjun,“ sagði Woodgate eftir leikinn. Spilar í dag með Middlesbrough í Championship-deildinni.



Gareth Bale

KAUPVERÐ 86 milljónir punda í ágúst.

Marga rak í rogastans þegar Wales-maðurinn var seldur fyrir hæstu upphæð sögunnar til Real Madrid eftir langar samningaviðræður Real Madrid við Tottenham.

FYRSTI LEIKUR
Gareth Bale opnaði markareikning sinn í 2-2 jafntefli gegn Villarreal á útivelli á laugardagskvöldið. Wales-maðurinn átti þó engan stjórnuleik en létti vafalítið pressunni á sér með markinu. Ballið er rétt að byrja hjá Bale.

BÍÓ PARADÍS
NÝTUR STUÐNINGS

Kvikmyndastöð

ISLANDS

EUROPA CINEMAS
MEDIA PROGRAMME OF THE EUROPEAN UNION

EVROPSK
KVIK
MYNDA
HÁTIÐ

EUROPEAN FILM FESTIVAL ICELAND
19 - 29 SEPTEMBER 2013

ÞÉR
ER BOÐIÐ

AÐ VERA VIÐ OPNUN
EVROPSKU KVIKMYNDA-
HÁTÍÐARINNAR

Í BÍÓ PARADÍS
FIMM TUDAGINN
19. SEPTEMBER KL: 19.30

ÓKEYPIS AÐGANGUR AÐ EFTIRTÖLDUM KVIKMYNDUM:

THE BROKEN CIRCLE BREAKDOWN EFTIR FELIX VAN GROENINGEN

FEGRÐIN MIKLA (La Grande Bellezza) EFTIR PAOLO SORRENTINO

KVÖL (Child's Pose) EFTIR CALIN PETER NETZER

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB

BÍÓ ★ PARADÍS
Heimili kvikmyndanna
bioparadis.is

Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu

Stöð 3 kl 19.00 Celebrity Apprentice

Skemmtilegir þættir þar sem milljarðamæringurinn Donald Trump leitar að hinum fullkomna lærlingi. Frægir einstaklingar úr leiklist, tónlist, stjórnmálum og íþróttum taka þátt í keppninni en í lok hvers þáttar en í lok hvers þáttar en í lok hvers þáttar en í lok hvers þáttar



Í KVÖLD



Um land allt
STÖÐ 2 KL. 20.05 Kristján Már Unnarsson leggur land undir fót og heimsækir áhugavert fólk.



Kastljós
SJÓNVARPIÐ KL. 19.35 Í þættinum eru tekin fyrir málefni liðandi stundar og fjallað um menningu, listir og dægurmál hvers konar. Helstu fréttir samfélagsins á hverjum tíma eru þó iðulega í forgrunni í formi fréttaskýringa og beinskeyttra viðtala.



Eldsnögg með Jóa Fel
STÖÐ 2 GULL KL. 20.25 Sjónvarpskockkurinn Jói Fel heldur áfram að leika listir sínar í eldhúsinu, en að þessu sinni með allt öðru sniði. Í sinni metnaðarfullstu þáttaröð til þessa leggur Jói nefnilega land undir fót og sækir heim fyrirheitna landið Ítalíu í þeim tilgangi að kynna sér töfra ítalskrar matargerðar.

Bylgjan kl 6.50 í bítið

Í bítið hefur tekið breytingum. Heimur Karlsson hefur fengið til liðs við sig Huldu Bjarnadóttur og Gunnlaug Helgason. Þau eru Bylgjuhlustendum öll að góðu kunn. Fylgstu með fréttum og taktu púlsinn á þjóðmálunum, færðinni, veðrinu og íþróttunum strax í bítið. Fréttastofa Bylgjunnar segir fréttir kl. 7, 8 og 9. Fréttayfirlit og íþróttaréttir eru kl. 7.30 og 8.30.



Í tilefni 40 ára afmælis Glóeyjar veitum við 10-40% afslátt af völdum útiljósum í september.



Glóey – gerir lífið bjartara
Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is · gloey@gloey.is

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.10 Malcolm in the Middle
- 08.30 Ellen
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.15 Wipeout
- 11.00 I Hate My Teenage Daughter
- 11.25 New Girl
- 11.50 Falcon Crest
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Perfect Couples (7:13)
- 13.25 So You Think You Can Dance (14:15)
- 14.45 ET Weekend
- 16.25 Ellen (45:170)
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (16:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Ríkið (1:10) Þættirnir gerast á óráðum tíma þar sem allt er kjánalegt, húsgögnin, aðbúnaðurinn, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þó sérstaklega starfsfólkið.
- 19.40 The Big Bang Theory (18:24)
- 20.05 Um land allt
- 20.25 Nashville (13:21)
- 21.10 Suits (8:16)
- 21.55 The Newsroom (9:9) Önnur þáttaröðin af þessum mögnuðu og dramatísku þáttum.
- 22.45 The Untold History of The United States (4:10)
- 23.45 The Tenants
- 01.20 The Big Bang Theory
- 01.45 Mike and Molly
- 02.05 How I Met Your Mother
- 02.30 Orange is the New Black
- 03.30 Veep
- 04.00 Safe Harbour
- 05.45 Simpson-fjölskyldan

SPORT besta sætið

- 08.15 KR - Fylkir
- 16.00 KR - Fylkir
- 17.40 Stjarnan - Breiðablik
- 19.20 Samsung Unglingaevnigíð 2013 Sýndar svipmyndir frá Unglingaevnigíðinu í Mosfellsbæ þar sem efnilegustu kylfingar landsins tóku þátt.
- 20.10 Pýski handboltinn: Magdeburg - Fuchse Berlin
- 21.30 Spænsku mörkin
- 22.00 Pepsi-mörkin
- 23.15 KR - Fylkir
- 00.55 Pepsi-mörkin

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Southampton - West Ham
- 15.30 Tottenham - Norwich
- 17.10 Everton - Chelsea
- 18.50 Swansea - Liverpool Bein útsending
- 21.00 Messan
- 22.00 Football League Show
- 22.35 Swansea - Liverpool
- 00.15 Messan

- 20.00 Frumkvöðlar 20.30 Evrópumál 21.00 Eldhús meistaranna 21.30 Græðlingur

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó

FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan

FM 93,5 Rás 1

FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland

FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan

FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5 Kaninn

FM 102,2 Útv. Latibær

FM 102,9 Lindin

FM 105,5 Útvarp Boðun

STÖÐ 3

- 17.05 School Pride (1:7)
- 17.50 Hart of Dixie (1:22)
- 18.35 Neighbours from Hell (2:10)
- 19.00 Celebrity Apprentice (2:11) Skemmtilegir þættir þar sem milljarðamæringurinn Donald Trump leitar að hinum fullkomna lærlingi.
- 20.25 It's Love, Actually (2:10)
- 20.45 Mindy Project (2:24) Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu.
- 21.10 Graceland (2:13)
- 21.50 Justified (2:13) Dramatískir þættir um lögreglumanninn Raylan Givens sem er færður til í starfi, frá Miami til smábæjar í Kentucky.
- 22.35 Pretty Little Liars (1:24) Þriðja þáttaröðin af þessum dramatísku þáttum.
- 23.20 Nikita (1:23)
- 00.05 Celebrity Apprentice
- 01.30 It's Love, Actually
- 01.55 Mindy Project
- 02.20 Graceland
- 03.05 Justified
- 03.50 Tónlistarmyndbönd

Krakkar

- 07.00 Könnuðurinn Dóra 07.24 Svampur Sveinsson 07.46 Elías 08.00 Áfram Diego, áfram!
- 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 08.46 Doddi litli og Eyrnastór 08.57 Rasmus Klumpur og félagar 09.02 Latibær 09.26 Strumparnir 09.51 Hvellur keppnisbíll 10.02 Lukku láki 10.26 Ofurhundurinn Krypto 10.48 Hello Kitty 11.02 Könnuðurinn Dóra 11.26 Svampur Sveinsson 11.48 Elías 12.00 Áfram Diego, áfram!
- 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 12.46 Doddi litli og Eyrnastór 12.57 Rasmus Klumpur og félagar 13.02 Latibær 13.26 Strumparnir 13.51 Hvellur keppnisbíll 14.02 Lukku láki 14.26 Ofurhundurinn Krypto 14.48 Hello Kitty 15.02 Könnuðurinn Dóra 15.48 Elías 16.00 Áfram Diego, áfram!
- 16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar 16.46 Doddi litli og Eyrnastór 16.57 Rasmus Klumpur og félagar 17.02 Latibær 17.26 Strumparnir 17.51 Hvellur keppnisbíll 18.02 Lukku láki 18.26 Ofurhundurinn Krypto 18.48 Hello Kitty

GULL

- 18.00 Strákarnir
- 18.25 Friends
- 18.45 Seinfeld
- 19.10 The Big Bang Theory (8:23)
- 19.35 Modern Family
- 20.00 Sjálfstætt fólk Viðmælandi Jóns Ársæls í þættinum er enginn annar en rokkarinn og hnefaleikakappinn Bubbi Morthens.
- 20.25 Eldsnögg með Jóa Fel (2:10)
- 20.55 The Practice (21:21)
- 21.40 Without a Trace (5:23)
- 22.25 Cold Case (20:24)
- 23.10 Sjálfstætt fólk
- 23.40 Eldsnögg með Jóa Fel
- 00.10 The Practice
- 00.55 Without a Trace
- 01.40 Cold Case
- 02.25 Tónlistarmyndbönd

BÍÓ

- 10.30 Happy Gilmore
- 12.00 He's Just Not That Into You
- 14.05 Erin Brockovich
- 16.15 Happy Gilmore
- 17.45 He's Just Not That Into You
- 19.50 Erin Brockovich
- 22.00 Milk
- 00.05 Be Cool
- 02.05 Rise Of The Planet Of The Apes
- 03.50 Milk

RÚV

- 17.20 Fæturnir á Fanneyju
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.51 Engilbert ræður
- 17.58 Skoltur skipstjóri
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Doktor Ása (4:8)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Undur lífsins – Hvað er líf? (2:5) (Wonders of Life) Í þessum heimildamyndaflokki frá BBC er farið um heiminn og útskýrt með hliðsjón af grundvallarlögmálum vísindanna hvernig líf kviknaði á jörðinni og lífverur hafa þróast.
- 21.00 Glæður (6:6) (White Heat) Breskur myndaflokkur um sjö vini í London sem leigðu saman íbúð á námsárum sínum á sjöunda áratugnum. Við hefjum leikinn árið 2012 við jarðarför eins úr hópnum og síðan er stiklað á stóru í lífi sjömenninganna frá 1965 til okkar daga.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Vörður laganna (6:10) (Copper) Bandarískur sakamálamyndaflokkur.
- 23.05 Kviðómurinn (1:5) (The Jury II) Breskur myndaflokkur.
- 23.50 Kastljós
- 00.15 Fréttir
- 00.25 Dagskrárlok

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 07.35 Everybody Loves Raymond
- 08.00 Cheers
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 15.30 Judging Amy (5:24)
- 16.15 Secret Street Crew (2:6)
- 17.05 Top Gear (2:6)
- 18.00 Dr. Phil
- 18.40 Happy Endings (3:22) Bandarískur gamanþættir um vinahóp sem einhvern veginn tekst alltaf að koma sér í klandur.
- 19.05 Everybody Loves Raymond (20:23) Endursýningar frá upphafi á þessum sívinsælu gamanþáttum.
- 19.30 Cheers (4:26)
- 19.55 Rules of Engagement (5:13) Bandarískur gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp.
- 20.20 Kitchen Nightmares (6:17) Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey enda með dónalegri mönnum. Það breytir því ekki að hann er einn besti kokkur veraldar.
- 21.10 Rookie Blue (6:13) Skemmtilegur þáttur um líf nýliða í lögreglunni sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti.
- 22.00 CSI: New York (2:17) Rannsóknardeildin frá New York snýr aftur í hörkuspennandi þáttaröð.
- 22.50 CSI (1:23)
- 23.35 Law & Order: Special Victims Unit (3:23)
- 00.20 Rookie Blue
- 01.10 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 Eurosport 12.00 BMW Championship 2013 17.05 PGA Tour - Highlights 18.00 Golfing World 18.50 BMW Championship 2013 22.00 Golfing World
- 22.50 Champions Tour - Highlights 23.45 Eurosport

Birting viðauka við lýsingu skuldabréfa FÍ Fasteignafélags slhf.



Útgefandi:
FÍ Fasteignafélag slhf.,
kennitala: 571212-0210,
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.

FASTEIGNAFÉLAG

FÍ Fasteignafélag slhf. hefur birt viðauka við lýsingu skuldabréfa FIF 13 01, sem óskað hefur verið eftir að tekin verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, NASDAQ OMX Iceland hf.

Félagið hefur birt lýsingu, dags. 6. september 2013 og viðauka við hana, dags. 13. september 2013. Lýsingin er á íslensku og birt á vefsíðu félagsins www.fifasteignir.is.

Skuldabréfin eru verðtryggð vaxtagreiðslubréf. Óskað hefur verið eftir að bréf að nafnvirði ISK 414.661.198 verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Heildarheimild skuldabréfaútgáfunnar er ISK 7.940.000.000 að nafnvirði.


Skjölín má nálgast á pappírformi hjá útgefanda, FÍ Fasteignafélagi slhf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, næstu 12 mánuði frá 13. september 2013.

Reykjavík, 16. september 2013.



Vissir þú að...

holl og góðfæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

EINLEIKIN GAMANSEMI Í HÖRPU

LADDI LENGIR LÍFIÐ

KVÖLDSTUND MEÐ LADDA Í EIGIN PERSÓNU



Sýningar
eru hafnar!



„Laddi er engum líkur
...Hann er þjóðargersemi.“
- Pressan.is

„Sprenglægileg sýning fyrir allan aldur!“
- Sirrý, Rás 2

„Á sviðinu birtist manni lítill drengur
með stórt hjarta.“
- Helgi Snær Sigurðarson, Morgunblaðið.

„Stórkostleg sýning!“
- Heimir Karlsson, Bylgjan



Miðasala fer fram á Miði.is, Harpa.is, í miðasölu Hörpu og í síma 528-5050.

sená

MÁNUDAGSLAGIÐ



Mánudagslagið er kannski ekki mánudagslag heldur meira svona „feel good“ helgarlag, þetta er eitt af mínum uppáhaldslögum. Það er rómo með flottu beati og minnir mig alltaf á kæró. Lagið heitir I've never seen með Rza ft. Xavier Naidoo.

Daði Hendricusson, eigandi hárgreiðslu- stofunnar Kompaníið.

Íslenskir karlmenn hafa einstakan stíl

Ljósmyndarinn Patrick Moriearty heldur úti myndabloggsíðu af skeggjuðum, íslenskum karlmönnum.

„Ég eyddi miklum tíma á kaffihúsum og börum og tók eftir því hversu margir karlmenn höfðu vikingaútlit,“ segir ljósmyndarinn og neminn Patrick Moriearty, sem heldur úti bloggssíðunni Beards In Iceland.

Á síðunni birtir hann myndir af skeggjuðum, íslenskum karlmönnum. „Ég spurði þá hvort ég mætti taka andlitsmynd af þeim, og þá aðallega af skegginu, og flestir tóku mjög vel í það. Áður en ég vissi var ég kominn með stórt safn af myndum sem mig langaði til að deila með heiminum og þar með kviknaði hugmyndin að blogginu.“

Moriearty, sem er frá Wisconsin í Bandaríkjunum, kom til Íslands sem skiptinemi árið 2012 og stundaði nám í landafræði við Háskóla Íslands. Þegar hann kom hingað vissi hann lítið um Ísland en varð fljótt hrifinn af landi og þjóð.

Aðspurður segir hann íslenska karlmenn frábrugðna karlmönnum frá heimabæ hans. „Karlmenn í Reykjavík eru mun meðvitaðri um tiskuna. Þeir hafa einstakan stíl og miðað við þau lönd í Evrópu sem ég hef heimsótt held ég að íslenskir karlmenn eyði mestum tíma af öllum í að hugsa um

hár sitt og útlit. Einkennilegast fannst mér hvað Carhartt-úlpur þykja „inn“ í Reykjavík. Í Wisconsin sér maður bara verkamenn, bændur og fólk af lægri stéttum ganga í þessum úlpum,“ segir hann.

Moriearty er nýfluttur heim til Wisconsin þar sem hann stefnir á að ljúka námi í landafræði og halda áfram að taka myndir. „Ég ætla að halda áfram með bloggið og stefni á að koma aftur til Íslands innan skamms. Brennivínið fer alveg að klárast svo ég verð eiginlega að komast fljótt aftur,“ segir hann og hlær.



MYNDAR ÍSLENSK SKEGG Patrick Moriearty kom til Íslands sem skiptinemi og byrjaði í framhaldinu að blogga um íslensk skegg. MYND/EINKASAFN - ASA@FRETTABLAÐIÐ.IS



HANNAR PÖNKARALEGT SKART Rut Karlsdóttir hagnar skart undir nafninu Rut Karls Jewelry. Hún sótti innblástur sinn til pönkaralegra vina sinna í Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Finnur efnivið í verkfærakassa föður síns

Rut Karlsdóttir hagnar pönkaralega skartgripi undir nafninu Rut Karls Jewelry.

„Ég tek keðjur, slít þær í sundur og set þær svo aftur saman með tóng. Pabbi minn er smiður og ég fer reglulega og finn eitthvað sniðugt í verkfærakassanum hans sem ég nota svo í hálsmenin,“ segir Rut Karlsdóttir sem hagnar skartgripi undir nafninu Rut Karls Jewelry.

Rut stundaði fatahönnunarnám við IEP-skólann í Barcelona áður en hún sneri sér að skartgriphönnun. „Ég var að gera loka- verkefnið mitt í skólanum úti og leitaði eftir innblæstri í öllu sem var í kringum mig. Vinahópurinn minn þarna úti samanstóð af svölitið „dark“ og pönkaralegum títum. Ég heillaðist af útliti þeirra og fékk þannig innblástur fyrir skartgripalínuna mína,“ segir Rut. Hönnun hennar einkennist af keðjum og hauskipunum sem hún málar eða spreypjar.

Til að byrja með hannaði Rut

helst fyrir vini og vandamenn en áður en hún vissi af var hún farin að fá fyrirspurnir frá ókunnugu fólki og þá fyrst fór boltinn að rúlla.

„Þetta er allt að smella og ég er ekki lengur að selja bara í gegnum Facebook. Viðskiptavinirnir eru fólk af öllum gerðum, bæði strákar og stelpur. Meira að segja eldri konur hafa keypt hálsmen af mér, þær eru greinilega ekki hræddar við að ganga með hauskipunum um hálsinn,“ segir Rut og hlær.

Rut starfar á Hótel Reykjavík um þessar mundir en hyggur á frekara nám í hönnun eða myndlist í framtíðinni.

„Mig langar að fara í Myndlistarskóla Reykjavíkur og jafnvel læra ljósmyndun líka. Það er svo margt sem mig langar að gera,“ segir athafnakonan Rut að lokum.

-áó



HLAKKAR MIKIÐ TIL Sigríður Beinteinsdóttir segir mikla tilhökkun vera í hópnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

Stjórnin saman á ný

Stjórnin heldur upp á 25 ára starfsafmæli með tónleikum í október.

„Við vildum ná öllum mannskapnum saman í tilefni afmælisins,“ segir Sigríður Beinteinsdóttir, söngkona Stjórnarinnar. Á tónleikum koma margir fyrrverandi Stjórnarmélimir fram en liðskipan sveitarinnar hefur verið breytileg á milli tímabila. „Þetta verður í fyrsta skipti sem gamla Stjórnin kemur saman síðan árið 1991, Stjórnin sem vann Landslagið árið 1989 með laginu Við eignum samleið og fór í Eurovision árið 1990 með lagið Eitt lag enn,“ segir Sigríður um tónleikana.

Stjórnin hefur gefið út sjö plötur og geisladiska á ferlinum. „Fyrsta platan okkar, Eitt lag enn, kom út um vorið 1990, rétt eftir Eurovision. Það þótti ekki gáfulegt að gefa út plötu að vori, því jólin höfðu alltaf

verið besti tíminn í plötuútgáfu og -sölu. Salan gekk samt mjög vel og varð hún ein af söluhæstu plötum ársins,“ segir Sigríður um fyrstu plötuna.

Stjórnin hefur tvisvar farið fyrir hönd Íslands í Eurovision, árið 1991 og 1992. „Það er aldrei að vita hvað gerist,“ svarar Sigríður þegar spurt er hvort Stjórnin fari aftur í Eurovision. „Við erum að vinna í nýju lagi sem mun líta dagsins ljós fljótlega. Þetta er ekta stuðlag, eftir Grétar Örvarsson og Friðrik Karlsson,“ bætir Sigríður við.

Óhætt er að segja að mikið stuð verði í Háskólabíói 25. október, þar sem saga Stjórnarinnar verður rakin og öll vinsælustu lögin verða leikin.

-glp



EITT LAG ENN Stjórnin í undankeppni Eurovision árið 1990. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR

„Við erum að vinna í nýju lagi sem mun líta dagsins ljós fljótlega. Þetta er ekta stuðlag, eftir Grétar Örvarsson og Friðrik Karlsson.“



DAGUR ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Kæru landsmenn,
til hamingju með Dag íslenskrar náttúru!

Megi dagurinn verða okkur öllum ánægjulegur og góður til að fagna og njóta fegurðar og gjafa íslenskrar náttúru.

Upplýsingar um dagskrá er að finna á www.umhverfisraduneyti.is



UMHVERFIS- OG
AÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

THOMSON

FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON



Einfalt en gott 39" sjónvarp með háskerpu LED skjá á ómótstæðilegu verði.

Thomson 39FU5253

99.990

Myndgæði

Vandaður háskerpu LED skjár með 1920x1080 punkta upplausn, stafrænn DVB-T móttakari og Pure Image 3 Engine. 100Hz Clear Motion Index.

Tengimöguleikar

Tækið er vel tengjum búið með 3 HDMI tengjum, USB tengi, Scart, Component, VGA, CVBS og heyrnatólstengi ásamt CI+ Rauf.



Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is

Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fegurst allra

Tanja Ýr Ástþórsdóttir var kosin Ungfrú Ísland 2013 í fegurðarsamkeppni Íslands en keppnin fór fram á veitingahúsinu Broadway á laugardagskvöldið. Tanja Ýr, sem er nemandi í fjármálaverkfræði í Háskólanum í Reykjavík, var einnig valin ljósmyndafyrirsæta ársins.

Hildur Karen Jóhannsdóttir lenti í öðru sæti, Karítas Maren Sveinsdóttir í því þriðja og Hildur María Leifsdóttir landaði fjórða sætinu. Þá varð Bryndís Hera Gísladóttir í fimmta sæti en hún var einnig valin púka-stelpa keppinnar.

Gleðin og fegurðin var gríðarlega mikil á Broadway en alls tóku nítján stúlkur þá í keppninni, enda íslenskar stúlkur taldar með þeim allra fegurstu í heimi.

- glp



Hún er heimsmeistari

Margrét Edda Gnarr stóð uppi sem sigurvegari í sínum hæðarflokki á heimsmeistaramóti IFBB í Bikini Fitness um helgina en hún er fyrst Íslendinga til að hljóta þennan titil. Margrét Edda var í flokki keppenda undir 168 sentímetra hæð, en skráðar voru 32 stúlkur í hennar flokki.

Mótið fór fram í Kiev í Úkraínu og er þetta er stærsta áhugamannamótið sem IFBB-sambandið heldur á ári hverju.

Alls kepptu yfir 300 keppendur á mótinu en auk Margrétar kepptu þrjár aðrar íslenskar stúlkur, þær

Olga Helena Ólafsdóttir, Karen Lind Richardsdóttir Thompson, og Auður Guðmundsdóttir.

- glp



Mest lesið

- 1 Veður fer kólnandi
- 2 Top Gear eyðilagði Mazda Furai
- 3 Hætta að markaðssetja leikföng eftir kynjum
- 4 Gerðu grín að Gylfa Ægis-málinu
- 5 Heyrnarlausir fá ekki túlka: „Við upplifum okkur eins og í fangelsi“
- 6 Segja Disney-land vera að hrúni komið

Allt að **90% afsláttur**

Yfir 3500 titlar

FORLAGIÐ
www.forlagid.is

RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39

BÓKA **LAGERSALA**

HALTU GAMLA VERÐINU!

Komdu strax í KK klúbbinn og haltu gamla verðinu í nýju Baðhúsi sem opnar í Smáralind í lok árs.

Í KK-áskriftarklúbbnum hefurðu aðgang að því sem til þarf til að hlúa að líkama og sál.

Með þátttöku í KK klúbbnum kemstu jafnt í opna sem LOKAÐA tíma



Allt þetta er innifalið með áskrift í KK klúbbi Baðhússins:

Nýr Technogym tækjasalur! Zumba. Body Pump. Nýjung! Gravity workout. Detox-jóga. Nýjung! Pilates. Evu jóga. Grit. Nýjung! Power Spin&ABS. CxWorx. Hugleiðsla. Body Balance. Heitt jógaTóning. Djúpslökun. Salsa. Pallar. Leikfimi. Hot Jóga. Body Combat. Nýjung! Streitulosun. Tækjakennsla. Stórátak. Nýjung! Heilsuátak. Hot BodyBalance. Nýjung! ButtLift-pallar. FlexiFit. Og margt fleira.

Og auðvitað hefurðu líka aðgang að heitri laug, vatnsgufu, sauna og notalegu hvíldarhreiðri. Komdu í Baðhúsið, breyttu til og hlúðu að sjálfri þér.

KK klúbburinn er klárlega hagstæðasta leiðin

KK-Skólaáskrift 5.990 pr. mánuð. KK-Grunnáskrift 7.190 pr. mánuð. KK-Eðaláskrift 8.890 pr. mánuð.

Einnig bjóðum við almenn kort, óbundin. Þau gilda í alla opna tíma og tækjasal.

1 mánuður: 13.500. Einnig Vetrarkort á tilboði, gildir til 31.12.13. Tilboð kr. 29.990.-

Öllum konum Baðhússins stendur til boða að segja upp KK-áskrift með eins mánaðar fyrirvara í þeim mánuði sem flutningur í nýtt og glæsilegt húsnæði í Smáralind á sér stað. Ekki verður farið fram á þriggja mánaða uppsagnarfrést eins og samningar gera alla jafna ráð fyrir. Því eru engar konur Baðhússins bundnar þann mánuð sem flutningurinn á sér stað, telji þær nýju staðsetninguna ekki henta sér.

Nánari upplýsingar á www.badhusid.is/kk



BADHÚSIÐ
www.badhusid.is